



Ættleiðing

Fréttabréf Íslenskrar ættleiðingar • 14. árg. 1. tbl. • mars 2007



Íslensk ættleiðing

Ármúla 36, Selmúlamegin
108 Reykjavík.
Pósthólf 8334, 128 Reykjavík.
Sími 588 1480
Fax 588 1481
isadopt@simnet.is
http://www.isadopt.is

Skrifstofutími
Mán.-fim. kl. 10-13.
Tímamantanir eftir þörfum.

Stjórn

Ingibjörg Jónsdóttir, formaður
Karl Steinar Valsson, varaformaður
Ingibjörg Birgisdóttir, gjaldkeri
Arnprúður Karlsdóttir, ritari
Kristjana Erlen Jóhannsdóttir,
meðstjórnandi
Lisa Yoder, meðstjórnandi
Pálmi Finnbogason, meðstjórnandi

Fræðslufulltrúar

Arndís Þorsteinsdóttir
Hörður Svavarsson
Ingibjörg Birgisdóttir
Ingibjörg Jónsdóttir

Umönnunarnámskeið

Kristín Svala Jónsdóttir

Skemmtinefnd

Birna Blöndal
Gyða Björg Olgeirsdóttir
Hrönn A. Björnsdóttir
Ingibjörg G. Marisdóttir
Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir
Klara Geirsdóttir
Kristín Skjaldardóttir
Kristín Valdemarsdóttir
Laufey Jónsdóttir
Ragna Freyja Gísladóttir
Rósa Jóhannsdóttir
Sigurbjörg Jónsdóttir

Fjáröflunarnefnd

Anna Margrét Jónsdóttir
Gisli V. Ólafsdóttir
Kristín Svala Jónsdóttir
Sigríður Ingólfssdóttir
Sigrún Snorraddóttir
Sigurrós Ingimarsdóttir
Þórunn Herdís Hinriksdóttir

Ritnefnd

Alda Sigurðardóttir
Kristín Valdemarsdóttir
Kristjana Erlen Jóhannsdóttir
Ólöf Ýrr Atladóttir
Þórdís Ívarsdóttir

PAS nefnd

Birna Blöndal
Gerður Guðmundsdóttir
Guðrún Ó. Sveinsdóttir
Ingibjörg M. Magnúsdóttir
Kristín Þórunn Tómasdóttir
Snjólaug Elín Sigurðardóttir

Ábyrgðarmaður

Ingibjörg Jónsdóttir

Umbrot, alvara.is

Prentun, Prentsmiðjan Oddi



Hér er stutt kynning á meðlimum stjórnar Íslenskrar ættleiðingar og starfsmönnum á skrifstofu, talið frá vinstri.

Kristjana Erlen Jóhannsdóttir er meðstjórnandi. Hún á 6 ára gamlan son fæddan á Indlandi, 5 ára dóttur fædda á Íslandi og 3 ára dóttur sem er fædd í Kína. Kristjana er kennari en hefur verið heimavinnandi mamma eftir að hún eignaðist börnin sín.

Ingibjörg Jónsdóttir er formaður ÍÆ og fræðslufulltrúi. Hún á tvær dætur frá Indlandi, 6 og 8 ára, og einn son 23 ára fæddan á Íslandi. Ingibjörg er félagsfræðingur hjá Félagsþjónustu Hafnarfjarðar.

Ingibjörg Birgisdóttir er gjaldkeri ÍÆ. Hún starfar hjá Icelandair og á tvær dætur, 22 ára ættleidda frá Sri Lanka og 12 ára fædda á Íslandi. Ingibjörg er einnig fræðslufulltrúi ÍÆ.

Pálmi Finnbogason er meðstjórnandi. Hann á 6 ára dóttur frá Indlandi og 3 ára dóttur frá Kína. Pálmi er stjórnmalafraðingur að mennt og starfar sem skrifstofustjóri þjónustuskrifstofu iðnfélaga.

Arnprúður Karlsdóttir er ritari ÍÆ. Hún á tæplega 5 ára gamla dóttur sem fædd er í Kína en fyrir átti hún son sem lést tæplega 7 ára gamall eftir langvarandi veikindi. Arnprúður vinnur sem kerfisfræðingur og forritari hjá tölvufyrirtækinu TM Software.

Karl Steinar Valsson er varaformaður ÍÆ. Hann hefur starfað í meira en 20 ár í lögreglunni í Reykjavík. Karl Steinar lauk námi í afbrot- og lögreglufræðum í Bandaríkjunum. Hann á 3 ára dóttur sem fædd er í Kína.

Lisa Yoder er meðstjórnandi. Hún er lögfræðingur og á 11 ára gamlan son sem fæddur er á Indlandi.

Guðrún Ó. Sveinsdóttir hefur starfað á skrifstofu ÍÆ frá upphafi og er nú skrifstofustjóri. Hún er kennari að mennt og var lengi í stjórn félagsins. Guðrún á tvö börn, 22ja ára gamla dóttur sem fædd er á Sri Lanka og 19 ára son fæddan á Indlandi.

Fanney Reynisdóttir hefur unnið hjá ÍÆ í þrjú ár við bókhald, skjalavörslu og fleira. Hún á þrjár dætur og eru þær 9, 12 og 15 ára.

Guðlaug M. Júlíusdóttir félagsráðgjafi hefur verið ráðin til starfa á skrifstofu ÍÆ í 50% stöðu. Guðlaug hefur starfað á BUGL síðustu ár og fyrir þann tíma m.a. hjá Rauða krossi Íslands. Mun hún m.a. sjá um ráðgjöf og leiðbeiningar til umsækjenda og kjörforeldra.

Ný þjónusta hjá ÍÆ

Eins og áður hefur verið auglýst, er félagsráðgjafi kominn til starfa hjá ÍÆ. Hægt er að panta viðtal hjá henni, mánud.-fimmtud. kl.10-13 á netfangið gudlaug@isadopt.is, eða hringja í s: 588 1480.

Félagsmenn eru hvattir til að nýta þessa þjónustu, sem stendur öllum þeim sem eru félagar og þeim sem íhuga ættleiðingu, til boða.



Tilgangur Íslenskrar ættleiðingar

♦ Að vinna að alþjóðlegum ættleiðingum með því markmiði að hagsmunir barnsins séu ávallt hafðir í fyrirrúmi, í anda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Haagsamningsins um alþjóðlegar ættleiðingar.

♦ Að vinna að velferð og réttindamálum kjörfjölskyldna.

♦ Að aðstoða fólk sem vill ættleidda börn erlendis frá.

♦ Að standa fyrir fræðslu fyrir félagsmenn í formi fræðslufunda, námskeiða og fyrirlestra.

♦ Að vinna að jöfnum rétti allra, burtséð frá uppruna.

♦ Að auka þekkingu og skilning samfélagsins og stjórnvalda á ættleiðingu og kostum hennar fyrir barn og kjörfjölskyldu.

♦ Að aðstoða yfirgefin börn og þau börn sem búa við erfiðar aðstæður í heimalandi sínu en verða ekki ættleidd.

Félagið er ekki rekið í ágóðaskyni og má einungis inna af hendi fjárgreiðslur til mannúðarmála, fyrir utan nauðsynlegar fjárgreiðslur vegna kostnaðar ættleiðinga barna til Íslands.

Meðal efnis

Fréttir af félagsstarfinu, ljósmyndir, viðtöl, fræðsluefni, barnaopna, matarhorn, og margt fleira. Öllum þeim fjölmörgu sem lagt hafa til efnis í blaðið eru færðar bestu þakkir.

Ættleiðingarstyrkir

Í nóvember lagði Magnús Stefánsson, félagsmálaráðherra, fram á Alþingi frumvarp um ættleiðingarstyrki. Tillögur nefndar sem skipuð var sl. sumar til að vinna að málinu voru góðar og var stjórn ÍÆ mjög ánægð að þetta verkefni sem hafði verið unnið að í u.þ.b. 5 ár var loks komið á lokastig. Upphæðin, kr. 480.000, er þannig að hún gagnast umsækjendum, enda er um að ræða að ríkisvaldið styrki ættleiðendur um þá upphæð sem það leggur til fjölskyldna sem eignast barn á venjulega máttann, s.s. ókeypis mæðraskoðanir, sónar, fæðingarhjálp, ungubarnaeftirlit og aðra þjónustu heilbrigðiskerfisins fyrsta árið. Lögin um ættleiðingarstyrkina eru nr. 115/2006

Umsóknir

Mikill fjöldi umsókna kom til skrifstofu á síðasta ári, aukning frá 2004 er rétt tæp 100%. Sem fyrr er ófrjósemi helsta ástæða þess að umsækjendur óska eftir að ættleiða en þó er að aukast að fólk sem á fleiri en eitt kynbarn sækir um ættleiðingu. Flestir umsækjendurnir stefna til Kína eins og verið hefur og nú eru umsóknir hópa 16 - 24 í Kína.

Breytingar á kröfum í Kína

Kínversk stjórnvöld hafa nú prengt mikið þann hóp sem getur sótt um ættleiðingu í Kína. M.a. voru aldursmörk lækkuð, sett skilyrði um a.m.k. tveggja ára hjónaband, um góða heilsu umsækjenda, menntun og fjárhag. Einnig er óskað eftir umsóknum eingöngu frá hjónum, þannig að einhleypir umsækjendur geta ekki lengur sótt um í Kína. Nánari upplýsingar um nýjar kröfur eru á www.isadopt.is í fréttum.

Ættleiðingar barna með sérþarfir

Þegar sendinefnd CCAA, kínversku ættleiðingarmiðstöðvarinnar, heimsótti ÍÆ í apríl, óskaði hr. Lu forstjóri CCAA eftir því að stjórn Íslenskrar ættleiðingar hugleiddi hvort við gætum orðið þátttakendur í svokölluðum SN ættleiðingum, sem eru ættleiðingar barna með skilgreindar sérþarfir. Stjórn ÍÆ fannst þessi beiðni sýna að ættleiðingarmiðstöðin ber mikið traust til starfsemi félagsins. Við vitum öll að börn með sérþarfir þurfa sannarlega á fjölskyldum að halda, ekki síður en önnur börn, og erum mjög ánægð með að hafa fundið fjölskyldur fyrir fyrstu 5 börnin. Gestur Pálsson barnalæknir mun sem fyrr verða umsækjendum til ráðgjafar, enda er hann sá sem best þekkir heilsufar og ástand ættleiddra barna eftir að hafa skoðað nokkur hundruð börn eftir komu til Íslands. Aðstoð hans er ómetanleg.

Nánar er fjallað um þessar ættleiðingar á félagsmannasvæði á heimasíðu og biðjum við félagsmenn að hafa samband við skrifstofu ÍÆ til að fá lykilorð.

Heimkomin börn

Aðeins komu heim 6 börn frá Kína á síðasta ári og er ástæðan sú að biðtími þar hefur lengst mjög mikið, nú er hann 17 - 18 mánuðir frá því umsókn er lögð inn hjá kínversku ættleiðingarmiðstöðinni þangað til upplýsingar berast um barn. Tvö börn komu frá Indlandi í byrjun síðasta sumars og ekki börn frá öðrum löndum enda virðist biðtími allsstaðar vera að lengjast. Umsóknir eru í Kína, Indlandi, Tékklandi og Kólumbíu. Í byrjun janúar kom hópur 15 heim með 5 litlar stúlkur frá Guangdong héraði. Í febrúar eignuðust íslensk hjón búsett í Shanghai í Kína litla dóttur. Íslensk ættleiðing sá um frágang skjala og sendi til CCAA, því án aðstoðar félags eru ættleiðingar í Kína ekki mögulegar.

Nýr starfsmaður á skrifstofu

Guðlaug M. Júlíusdóttir félagsráðgjafi hefur verið ráðin til starfa á skrifstofu ÍÆ í 50% stöðu. Guðlaug hefur starfað á BUGL (Barna- og unglingaæðeild) síðustu ár og fyrir þann tíma hjá Rauða krossi Íslands. Mun hún m.a. sjá um ráðgjöf og leiðbeiningar til umsækjenda og kjörforeldra.

Stjórn ÍÆ hefur ákveðið að bjóða þeim sem eru á biðlista, komnir með forsampykki og eiga umsókn úti, að taka þátt í stuðningshópi fyrir fólk á biðlista. Guðlaug mun leiða þessa hópa og má hafa samband við hana til að fá nánari upplýsingar.

Félagsstarf

Auk foreldramorgnanna sem eru tvisvar í mánuði á höfuðborgarsvæðinu voru í vetur spjallfundir fyrir umsækjendur sem bíða eftir barni, en slíkir fundir hafa legið niðri allra síðustu ár. Foreldramorgnar hafa líka verið á Akureyri. Málþing var 25. nóvember og voru þar tæplega 100 manns, jólaball var eins og venjulega í lok desember. Skemmtinefnd ÍÆ sem sér um félagsmál, bæði á höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi og nú einnig á Ísafirði, stendur sig alveg frábærglega. Það er ánægjulegt hve félagsstarfið hefur blómstrað í hennar umsjá. Aðrar nefndir hafa líka starfað af miklum krafti. Nýr hópur (PAS) sem fjallar um fræðslu og stuðning eftir ættleiðingu var stofnaður eftir aðalfund og sá hann m.a. um málþingið og hefur ýmislegt í undirbúningi á næstu mánuðum. Dagskrá er á heimasíðu www.isadopt.is

Minum á bókasafn ÍÆ, en að undanförnu hafa bæst í það ýmsar góðar bækur, sænskar, danskar og bandarískar. Það er alltaf hægt að fræðast og læra meira. Við eigum líka bækur fyrir börn og ferðabækur auk sálfræði og uppeldisfræðibóka. Bókalisti er á heimasíðu og við getum sent bækur til félagsmanna úti á landi.

Munið www.isadopt.is

Breytingar á reglum

Í september barst Íslenskri ættleiðingu bréf frá dómsmálaráðuneytinu varðandi breytingu á sakavottorðum. Undanfarin 2 ár hafa umsækjendur ekki þurft að útvega sakavottorð með umsókn sinni um forsampykki heldur hefur dómsmálaráðuneytið fengið opinber sakavottorð sem eru ítarlegri en almennu sakavottorðin. Ráðuneytið hefur ákveðið að senda eigi ítarlegu vottorðin til erlendra stjórnvalda svo þau fái sömu upplýsingar og íslensk stjórnvöld. Nú fær Íslensk ættleiðing því send sakavottorð frá sýslumannsembættinu í Búðardal með forsampykki viðkomandi umsækjenda.

Einnig hefur dómsmálaráðuneytið óskað eftir að Íslensk ættleiðing ítreki við umsækjendur að þeim ber að tilkynna ráðuneytinu um verulegar breytingar á högum sínum, sbr. yfirlýsingu sem þeir undirrita á umsókn um forsampykki. Ráðuneytið tekur fram af þessu tilefni að útgáfa forsampykkis er bundin við ákveðnar forsendur og breytist þær getur það leitt til þess að ráðuneytið afturkalli forsampykkið. Það á m.a. við ef umsækjandi verður barnshafandi, veikist eða aðrar veigamiklar breytingar verða á högum viðkomandi, sem gætu leitt til afturköllunar forsampykkis en meta þarf í hverju máli fyrir sig hvort grípa eigi til þess ráðs eða ekki. Einnig á að tilkynna búferlaflutning og skrifa umsækjendur undir skuldbindingu varðandi tilkynningar á umsóknareyðublaði um forsampykki. Íslenskri ættleiðingu ber einnig skylda til að tilkynna ráðuneytinu um verulegar breytingar á högum umsækjenda.

Frá 1. janúar er sýslumaðurinn í Búðardal sá aðili sem tekur við umsóknum um forsampykki og afgreiðir þær. Áslaug Þórarinsdóttir sýslumaður vann í sífjæðild dómsmálaráðuneytisins áður en hún varð sýslumaður og fjallaði þar m.a. um ættleiðingarmál. Því þótti hentugt að hún tæki að sér þennan málaflokk þegar ákveðið var að senda ýmis mál til vinnslu í sýslumannsembættum úti á landi. Þetta þýðir að umsækjendur geta áfrýjað til dómsmálaráðuneytis séu þeir ekki sáttir við niðurstöðu sýslumanns.

Undirbúningsnámskeið fyrir verðandi foreldra



Lene Kamm, Ingibjörg Jónsdóttir og Ingibjörg Birgisdóttir.

Á vegum ÍÆ eru haldin fimm til sex undirbúningsnámskeið á ári fyrir væntanlega kjörforeldra. Þessi námskeið eru forsenda fyrir afgreiðslu sýslumanns á forsampykki og eru hugsuð fyrir fólk sem sækir um ættleiðingu í fyrsta sinn. Leiðbeinendur eru Ingibjörg Jónsdóttir núverandi formaður félagsins og Ingibjörg Birgisdóttir formaður félagsins til tíu ára.

Um áramótin hófu störf tveir nýir leiðbeinendur, þau Hörður Svavarsson leikskólakennari og ráðgjafi hjá SÁÁ og Arndís Þorsteinsdóttir sálfræðingur hjá Reykjavíkurborg. Í október kom Lene

Kamm sálfræðingur höfundur þessara námskeiða til að þjálfra hina nýja leiðbeinendur. Hún notaði einnig ferðina til að skerpa á ýmsu hjá þeim sem fyrir voru enda byggir þetta námskeið á stöðugri endurnýjun og þjálfun þeirra sem við það vinna. Þá hafði Lene einmitt nýlengið þjálfun og endurskipulagningu námskeiðanna í Noregi.

Framkvæmd námskeiðsins skiptist í tvennt. Fyrri hlutinn fjallar um væntanlega kjörforeldra og aðkomu fólks að ættleiðingunni. Velt er upp spurningum eins og: Er ættleiðing eitthvað fyrir mig? Hvaða hindranir hafa orðið á vegi mínum að þessari ákvörðun? Hvaða hindranir hef ég sett mér? Rætt er um barnleysistímabilið og sorgina svo eitthvað sé nefnt.

Á síðari hluti námskeiðsins, sem er fimm til sex vikum seinna, er fjallað um barnið sjálft og aðbúnað þess fyrir ættleiðinguna. Farið er í staðreyndir um ættleidd börn, það sem þau eiga sameiginlegt hvaðan sem þau koma. Farið er út í þá þekktu áhættupætti sem langvarandi stofnanadvöl hefur. Tengslaröf, spurningum velt upp eins og er til gott barnaheimili? Svárið við þeirri spurningu er alltaf nei þó segja megji að þau séu misvond. Ekkert barn í

heiminum ætti að þurfa að þola þá vist.

Farið er út í mikilvægi þess að við „kjörforeldrar“ viðurkennum þessar staðreyndir, reynum ekki að „pakka“ þeim inn í eitthvað sem er ekki raunverulegt, inn í umbúðir sem við sjálf getum þolað. Frumforsendan fyrir því að okkur takist vel til er heiðarleikinn gagnvart þeim erfiðu aðstæðum sem ættleiðingin er sprottin af.

Námskeiðin hafa verið haldin í hótél Glym í Hvalfirði í yndislegu umhverfi og við frábæran aðbúnað á allan hátt. Nú hafa um 100 manns komið á námskeiðin. Gerð hefur verið könnun meðal allra þátttakenda sem segir okkur að fólki hafi almennt líkað mjög vel, haft gaman af og vonandi fræðst eitthvað. Ég vona að það taki með sér eitthvað inn í framtíðina, inn í framtíðina sem biður þess eftir að langþráði draumurinn hefur ræst, það má segja að það sé sameiginlegt með hópnum og mér að þessi draumur var lengi að rætast og „meðgangan“ að meðaltali 8 ár.

Ingibjörg Jónsdóttir,
fræðslufulltrúi, formaður ÍÆ.

PAS - Post Adoption Services

Að loknum aðalfundi 2006, var sett á laggirnar á vegum Íslenskrar ættleiðingar nefnd sem vinnur að PAS (Post Adoption Service). Samkvæmt skilgreiningu NAC (Nordic Adoption Council) frá árinu 2001 er PAS fjölþætt aðstoð (jafnt fagleg, sem og félagsleg) til handa ákveðnum hópum sem hafa þörf fyrir stuðning sem tengist ættleiðingunni. Markmiðið er að aðstoða fjölskyldur við að aðlagast á sem bestan hátt að lokinni ættleiðingu. PAS nær jafnt til kjörbarna, kjörforeldra sem og stórfjölskyldunnar. Aðstoð þessi er veitt hjá Íslenskri ættleiðingu á margbreytilegan hátt t.d. í formi fræðsluerinda og fyrirlestra, öflugs foreldrastarfs, reksturs bókasafns, útgáfu fræðsluefnis auk annarra þátta sem á einn eða annan hátt geta stutt við bakið á félagsmönnum. Til stendur að efla þetta starf enn frekar. Gert er ráð fyrir að félagsmenn geti leitað til Íslenskrar ættleiðingar til að nálgast upplýsingar um sérfræðinga sem unnið hafa með ákveðin og skilgreind mál sem tengjast ættleiðingunni, s.s. lækna, sálfræðinga, talmeinafræðinga auk ýmissa annarra sérfræðinga. Nefndin er um þessar mundir að vinna að samantekt á slíkum lista og biður félagsmenn að senda inn nöfn sérfræðinga sem þeir

vita um og sem gætu verið á þessum lista.

Fyrsta verkefni nefndarinnar var að skipuleggja og halda málþing í nóvember sem sagt er frá annarsstaðar í blaðinu. Stefnt er að því að halda fræðslufund í apríl næstkomandi, sem jafnframt verður endurtekinn á Akureyri. Í október er svo stefnt að því að halda málþing að nýju.

Mikilvægt er að vita hverjar parfir félagsmanna Íslenskrar ættleiðingar eru, hvar skortir helst þekkingu og hvað það er sem félagsmönnum finnst helst vanta og eru félagar því hvattir til að hafa samband við nefndina og koma skoðunum sínum á framfæri við hana. Allar hugmyndir og vangaveltur svo og upplýsingar um fagaðila eru velkomnar á netfangið pas@isadopt.is, en allur póstur á það netfang berst beint til nefndarmanna.

Þessi hópur á samtals 12 börn á aldrinum 4 - 22 ára frá Rúmeníu, Indlandi, Kína, Sri Lanka og Íslandi.

Með kveðju og von um að félagsmenn láti frá sér heyrja.

PAS nefndin.

Félagsmenn athugið

Þeir sem enn hafa ekki greitt félagsgjaldið eru beðnir að gera skil hið fyrsta.

Upphæðin er kr. 4000
banki 513 - 26 - 407234
kt. 531187 - 2539

Vinsamlega látið nafn og kennitölu greiðanda fylgja.

Greiðsluseðill?

Á síðasta ári fengu allir félagsmenn bréf þar sem spurt var hvort Íslensk ættleiðing mætti innheimta félagsgjald með greiðsluseðli. Fá svör hafa borist en gott væri að fá tölvupóst frá þeim sem ekki hafa svarað, annaðhvort:

Já, við samþykkjum að ÍÆ innheimti félagsgjöld með greiðsluseðli.

eða

Nei, við samþykkjum ekki að félagsgjald verði innheimt með greiðsluseðli.

Sendið til okkar á
fanney@isadopt.is

Nýir Íslendingar

*Myndir af börnum
sem nýkomin eru til
Íslands.*



Friðrik Daði Deb Jónsson

Fæddur í Indlandi 30. 6. 2005.
Kom 9. 6. 2006.
Jón Gunnar Steinarsson og Kristín
Skjaldardóttir, Reykjavík.



María Sutapa Aradóttir

Fædd í Indlandi 9. 8. 2005.
Kom 9. 6. 2006.
Eysteinn Ari Bragason og Ingibjörg
Jónsdóttir, Kópavogi.



Elísabet Xiang Sveinbjörnsdóttir

Fædd í Kína 8. 8. 2005.
Kom 4. 1. 2007.
Sveinbjörn Guðmundsson og Kristbjörg
Pálsdóttir, Kópavogi.



Herdís Heiða Jing Guðjohnsen

Fædd í Kína 29. 10. 2005.
Kom 4. 1. 2007.
Friðjón Guðjohnsen og Gísli V.
Ólafsdóttir, Kópavogi.



Kristín Ósk Magnúsdóttir

Fædd í Kína 21. 9. 2005.
Kom 4. 1. 2007.
Magnús Arinbjarnarson og Guðbjörg
Erlingsdóttir, Álftanesi.



Ólöf Kristín Lin Örnólfsdóttir

Fædd í Kína 13. 9. 2004.
Kom 4. 1. 2007.
Örnólfur J. Ólafsson og Arnfríður A.
Jónsdóttir, Mývatnssveit.



Rakel Rut Kristjánsdóttir

Fædd í Kína 22. 11. 2005.
Kom 4. 1. 2007.
Kristján Oddsson og Kolbrún Kristjánsdóttir,
Kópavogi.



Björk Cai Di Bárðardóttir

Fædd í Kína 2. 12. 2005.
Kom til foreldra sinna 9. 2. 2007.
Bárður Guðfinnsson og Lára Lív Ólafsdóttir,
Shanghai í Kína.



Málþing var haldið á vegum Íslenskrar ættleiðingar í safnaðarheimili Víðalínskirkju í Garðabæ laugardaginn 25. nóvember síðastliðinn. Um 100 gestir sóttu þingið og mörg athyglisverð erindi voru flutt.

Dagskráin hófst á því að Magnús Stefánsson, félagsmálaráðherra ávarpaði þingið. Hann sagði frá vinnu starfshóps á vegum félagsmálaráðuneytisins um ættleiðingastyrki og álit hans á því máli. Að ávarpi loknu setti ráðherra þingið.

Ávarp varaformanns ÍÆ

Þá ávarpaði Karl Steinar Valsson, varaformaður ÍÆ málþingið. Hann færði fundinum kveðjur frá formanni félagsins sem stödd var erlendis. Karl Steinar sagði frá vinnu starfshóps á vegum félagsmálaráðuneytisins um ættleiðingastyrki en hann var einmitt fulltrúi félagsins í hópnum. Sagði hann að styrkamálið væri öllum mikið fagnaðarefni og hrósaði félagsmálaráðherra Magnúsi Stefánssyni fyrir áhuga og drifkraft varðandi málið.



Einnig sagði hann frá árangursríkri komu sendinefndar yfirmanna ættleiðingarmála í Kína hingað til lands með hr. Lu í broddi fylkingar. Hr. Lu lýsti yfir mikilli ánægju með samstarfið við Ísland og í framtíðinni var ÍÆ boðið að taka viðtækari þátt meðal annars með ættleiðingum barna með sérþarfir. Samstarf þetta er nýlega hafið. Varaformaður ÍÆ lýsti yfir áhyggjum sínum með gang mála í ættleiðingum en almennt hefur biðtíminn verið að lengjast í Kína, Indlandi og Kólabíu og lítil hreyfing annars staðar. Karl Steinar talaði um að félagið væri að skoða fleiri ættleiðingarmöguleika víða um heim. Þar má nefna Rússland, Eþíópíu og Suður-Afríku. Einnig sagði hann frá því

að breytinga væri að vænta með ferli ættleiðingarmála hér á landi. Að lokum nefndi varaformaður blómlegt innra starf félagsins og pakkaði skemmtinefnd, ritnefnd og fjárflounarnefnd öflugt og óeigingjarnt starf.

Ótakmörkuð ást

Að ávarpi varaformanns ÍÆ loknu var komið að erindi Unnar Steinu Björnsdóttur læknis og kjörmóður tveggja barna frá Rúmeníu. Bar erindið nafnið „Ótakmörkuð ást og umhyggja – er það nóg?“ þar sagði hún frá mjög stífri atferlismeðferð sem er beitt á börn með stofnanaheilkenni (Postinstitutional Syndrome) en samkvæmt rannsóknum sem Unnur Steina vitnaði í þjást allt að 80 % barna sem koma frá Rúmeníu, Búlgaríu og Rússlandi af þessu heilkenni og 50% barna sem koma frá Kína. Hún lýsti einkennum heilkennisins. Eitt algengt einkenni er t.d. hve vingjarnleg og opin þessi börn eru við ókunnuga. Það er gjarnan eina einkennið framanaf. Síðar geta alvarleg hegðunareinkenni og félagslegir erfiðleikar brotist fram.

Unnur Steina fjallaði um svokallað Family Home Program (heimaprógramm) sem byggt er á kenningum Dr. Ronald Federici og Dr. Karyn Purvis. Meðferðin fer eingöngu fram á heimilinu og þar er foreldrum kennd mjög stíf atferlismeðferð sem varir að meðaltali í 3 – 12 mánuði. Foreldrar/foreldri taka sér frí frá vinnu í a.m.k. 3 mánuði. Barninu er kennd skilyrðislaus hlýðni og virðing við foreldra, markmiðið er að barnið nái sjálfsstjórn og finni innri ró. Enda hafa hegðunarerfiðleikar barnanna fram að þessu stafað af miklum kvíða og óróleika innra með þeim. Notaðar eru ýmsar aðferðir í þessari meðferð svo sem skynörvunaræfingar, handbrúður, tilfinningaspil, stuttar félagsfærnisögur og félagsfærniæfingar, leikrit, fjölskyldufundir og punktakerfi. Barnið þarf að læra að hlusta, hlýða, biða og svara og ekkert fæst nema með rétttri hegðun. Allt þetta er gert til að barnið nái sjálfsstjórn og öllu atferli er strax breytt úr neikvæðu í jákvætt. Segja má að erindi Unnar Steinu hafði mikil áhrif á alla gesti málþingsins. Að fyrirlestrinum loknum svaraði hún fyrirspurnum utan úr sal, enda brann margt á fundargestum. Flestir höfðu áhuga á að vita hvað þeir gætu gert strax í upphafi, þegar barnið kemur heim, til að koma í veg fyrir að í algjörför fari.

Unnur Steina benti á að fara ætti rólega af stað í allri örvun, ekki ætti að hruga leikföngum að börnunum heldur láta eitt leikfang duga. Eins ætti fjölskyldan að halda sér sem mest heimavið fyrstu vikurnar og takmarka heimsóknir. Það á semsé að minnka áreiti og mikilvægt er að börnin nái að tengjast foreldrum vel áður en þau byrji í leikskóla. Barnið þarf að læra á foreldra sína og fjölskyldu og finna sig öruggt. Að erindinu loknu var gert stutt hlé.

Málproski ættleiddra barna

Næst talaði Ingibjörg Símonardóttir, sérkennari, talmeinafræðingur og kjöramma. Erindi hennar bar heitið „Ættleidd börn og máltaka á nýju móðurmáli.“ Ingibjörg hóf erindi sitt á að segja frá menntun sinni og áhugasviði innan fræðanna en það eru tengsl málproska við lestur. Hún vitnaði í erlendar rannsóknir á tengslum málproska við síðari lestrarfærni. Þar kemur fram að 60 – 70 % læra að lesa án erfiðleika, 30 – 40 % gera það ekki. Ingibjörg fór í gegnum máltökuskeiðið og þau atriði sem sérstaklega þarf að gefa gaum þegar um ættleidd börn er að ræða. Hún vitnaði í bandarískan talmeinafræðing og kjörmóður, Sharon Glennen. Hún hefur gert kannanir á málproska ættleiddra barna og komist að því að áhrif stofnavistar á málproska eru margvísleg. Fyrir hverja 3 – 4 mánuði á stofnun dregst barn 1 mánuð aftur úr í líkamlegum og andlegum proska. Almennt megi því segja að stofnavist til langs tíma hafi hvað alvarlegust áhrif á málproska af öllum proskasviðum. Ástæðan er skortur á örvun á stofnunum og þá skiptir ekki máli hversu vel útbúin heimilin eru. Alltaf er það þannig að örfáir fullorðnir annast stóran hóp barna og það er ávisun á seinkaðan málproska. Einnig kom fram í gögnum Sharon Glennen að því lengur sem börnin eru á barnaheimili því meiri hætta er á að eitthvað fari úrskeiðis og þessi börn vantar grunninn í hugtakaskilninginn. Ingibjörg lagði áherslu á það að flest ættleidd börn nái sér fljótt á strik. Við 24 mánaða aldur eru þau flest með aldursssvarandi skilning. En fylgjast þurfi með ættleiddum börnum, eins og til dæmis gert er í Bandaríkjunum þar sem boðið er upp á viðtal við talmeinafræðing við heimkomu og svo aftur nokkru síðar. Einnig lagði Ingibjörg áherslu á að ef foreldrar eru áhyggjufullir þá eigi þeir

að leita sér aðstoðar strax, ekki bíða með það í marga mánuði.

Að erindi Ingibjargar loknu var gert hádegishlé. Borinn var fram matur á staðnum og gátu málþingsgestir sest niður, matast og spjallað saman.

Rannsókn á stöðu ættleiddra barna

Eftir hlé sögðu Baldur Kristjánsson og Hanna Ragnarsdóttir frá rannsókn sem þau vinna að um kjörbörn á Íslandi og stöðu þeirra. Þau sögðu frá uppbyggingu rannsóknarinnar en tekin eru viðtöl við fjölskyldur barna sem ættleidd voru árin 2002 og 2004. Úrvinnsla fyrstu viðtala fer nú fram og sögðu þau Hanna og Baldur frá megininntaki þeirra í örstuttu máli. Rannsókn þessi er langtímarannsókn, viðtölin eru hálfopin og í fyrstu tekin annað hvert ár. Einnig á að leggja spurningalista fyrir kennara barnanna í leik- og grunnskóla og þegar börnin eru 8 til 9 ára gömul er ætlunin að taka viðtöl við þau sjálf. Með þessu ætti að fást skýr mynd af stöðu kjörbarna á Íslandi í dag.

Heimsókn til Grænhöfðaejya

Að erindinu loknu var komið að næsta dagskrárlið. Fundargestum var sýnd mynd um ferð Maríu Runólfssdóttur til Grænhöfðaejya en hún var ættleidd þaðan til Íslands fyrir rúmlega tuttugu

árum. Gerður Guðmundsdóttir sem sæti átti í undirbúningsnefnd málþingsins fylgdi myndinni úr hlaði með nokkrum orðum. Hún sagði frá ættleiðingu Maríu en hún kom tveggja ára gömul til Íslands. Foreldrar hennar ætluðu í 5 daga ferðalag til Grænhöfðaejya til að heimsækja vinafólk en voru í staðinn í 5 vikur og komu Maríu ríkari heim. Í myndinni er fylgst með undirbúningi ferðarinnar, talað er við foreldra Maríu, vini og ættingja. Síðan er Maríu fylgt til Grænhöfðaejya þar sem hún hittir kynmóður sína, 6 hálf systkini, ömmu og aðra ættingja. Er skemmst frá því að segja að mynd þessi var afar áhrifamikil og lét fáa gesti ósnortna.

Hvernig er að vera ættleiddur?

Að kaffihléi loknu var komið að síðasta lið málþingsins. Þau Valgerður Baldursdóttir, barnageðlæknir, Lárus Blöndal, sálfræðingur og dóttir þeirra Lísu Björg, sem fædd er í Indónesíu, sögðu frá því hvernig væri að vera ættleiddur, töluðu um sorgina og það að skera sig alltaf úr. Að þeirra sögn er það innbyggt inn í ættleiðingarferlið að verða fyrir missi og allir gangi í gegnum einhvers konar missi. Til þess að þroskast og styrkjast þarf barnið að ganga í gegnum þennan missi, og þá þurfa foreldrar að vera til staðar fyrir barnið. Við 7 til 8 ára aldur fara flest börn að fá þá djúpu tilfinningu að



vera ættleiddur og hvað það feli í sér. Fundargestir lögðu margar spurningar fyrir þau Lísu Björgu, Valgerði og Lárus, rætt var um sorgina, tilfinningar á unglingsárum, fordóma og aðkast sem ættleitt barn getur orðið fyrir. Einnig sagði Lísu frá námi sínu, en hún nemur lögfræði og hefur áhuga á að kanna ættleiðingarlög sérstaklega með áherslu á réttindi hins ættleidda.

Að þessu fróðlega innleggi loknu var málþingi slitið. Ánægjulegt og áhugavert var að sitja þing þetta og er öllum þeim sem hönd lögðu á plóginn við skipulag og undirbúning málþingsins færðar bestu þakkir. Einnig er fyrirtækjunum Glitni og Blómavali þakkað fyrir þeirra framlög.

Þórdís Ívarsdóttir tók saman.

Hríðandi og ljóðræn



Hjartagull segir í myndum og máli af lítilli stúlku í hjarlægu landi og manni og konu sem langaði svo mjög til að verða foreldrar hennar.

Skjaldborg

Mörkinni 1 • Sími 588 24 00



Sumir heimilisvinir láta lítið fara fyrir sér

Við vildum samt aldrei án þeirra vera. Þeir taka vel á móti okkur þegar við komum heim eftir skemmtilegt kvöld á Vetrahátið, kveikja ljósín, hita ofnana og koma upp suðu á bolla af heitu te. Þessir hæglátu heimilisvinir fara ekki fram á neinar sérstakir þakkir. Þeir eru ánægðir ef heimilisfólkið er ánægt og nýtur þess að vera til í birtu og yl. Þeir eru góðir heimilisvinir.



Börn sem þurfa meira

Þegar barn fæðist fylgja því engin loforð um góða heilsu og proska og því miður eru ekki öll börn svo heppin að fæðast alheilbrigði í þennan heim. Mörg þeirra ná þó fullum bata eftir viðeigandi lækni meðferðir og eiga sömu möguleika og önnur börn á því að lifa góðu lífi.

Nú hefur Íslensk ættleiðing tekið að sér það ánægjulega verkefni í samstarfi við kínversku ættleiðingamiðstöðina, CCAA, að finna fjölskyldur fyrir börn með skilgreindar sérþarfir, Special Needs Children. Öll ættleidd börn bera einhver merki stofnanavistar fyrstu mánuði ævinnar og fer það eftir einstaklingum hve langan tíma tekur að losna undan þeim. Börn með skilgreindar sérþarfir eru því að glíma við meiri vandamál en önnur munaðarlaus börn þurfa jafnan að gera. Væntanlegir foreldrar þurfa því að vera tilbúnir að takast á við allt það sem fylgir því að eignast barn með skilgreindar sérþarfir auk annars sem fylgir því að ættleiða barn frá öðru landi.

Reynsla foreldra í öðrum löndum af því að ættleiða börn frá Kína með skilgreindar sérþarfir er mjög góð. Börnunum gengur oftast vel að aðlagast þreyttum lífsháttum og eru oft, þegar fram líða stundir, ekki skilgreind

sem einstaklingar með fatlanir eða heilsufarsvanda. Börnin eru líkt og önnur börn miklir gleðigjafar, dafna vel og ná góðum proska. Þau eru af mörgum kölluð börnin sem bíða, þar sem þau eru almennt ekki börn sem fólk setur í forgang þegar ákveðið er að ættleiða barn. Á veraldarvefnum má finna margar frásagnir og einnig eru til umræðuhópar foreldra barna með skilgreindar sérþarfir sem hægt er að fá aðgang að. Auðvelt er að leita upplýsinga á veraldarvefnum um börn með sérþarfir og einnig má þar finna talsvert efni um ættleiðingu eldri barna.

Hér á landi eru mjög færir læknar og sérfræðingar sem koma til með að annast þau börn sem hingað koma með skilgreindar sérþarfir og þau verða í góðum höndum þeirra. Tryggingastofnun heldur einnig mjög vel utan um þessi mál og er það mikill styrkur fyrir væntanlega foreldra. Sjónarhóll er ráðgjafamiðstöð sem sinnir foreldrum með miklum ágætum og þangað er hægt að leita með öll möguleg erindi er varða börn með hvers konar sérþarfir.

Þegar ákvörðun er tekin um að ættleiða barn með skilgreindar sérþarfir er mikilvægt að það sé gert á

réttum forsendum. Umfram allt þurfa umsækjendur að hafa löngun til að veita barninu öryggi, ástríkt heimili og fjölskyldu. Umsækjendur verða að sýna fram á hvernig þeir ætla að mæta sérþörfum barnsins og sanna hæfi sitt til að annast barnið sem þeir hyggjast ættleiða. CCAA tekur sér allt að þrjá mánuði í að meta hverja umsókn og ákveða hvort viðkomandi umsækjendur séu hæfir.

Nauðsynlegt er að skrá sig á sérstakan biðlista eftir barni með skilgreindar sérþarfir og geta umsækjendur tekið fram hvort þeir geta hugsað sér hvaða sérþarfir sem er eða hvort það eru einungis einhverjar ákveðnar sérþarfir sem þeir treysta sér til að takast á við. Þeir sem eiga umsókn úti í Kína eða eru komnir með forsamþykki geta skráð sig á þennan biðlista.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér málið frekar er bent á að fara inn á www.isadopt.is. Undir flípanum „félagsmenn“ eru ítarlegar upplýsingar um ferlið og lýsing á sérþörfum sem börnin geta verið með. Nauðsynlegt er að hafa lykilorð og geta félagsmenn sótt um það hjá skrifstofu ÍÆ með tölvupósti eða símleiðis.

Stjörn ÍÆ.

Fjáröflun

Á haustmánuðum var sendur út 5.000 dala styrkur til CCAA í Kína sem rennur til Tomorrow plan verkefnisins (www.ccaa.cn). Einnig stendur til að senda styrki til Indlands og Kólumbíu á næstunni.

Skrappnámskeið var haldið 1. nóvember og gekk það mjög vel. Safnaðist ágætis upphæð það kvöldið, auk þess sem tíu manns skemmtu sér konunglega og bjuggu til fallegar myndasíður. Áætlað er að halda annað námskeið á nýju ári og jafnvel framhaldsnámskeið.

Félagsmenn þekkja vel bolina sem fjáröflunarnefndin hefur haft til sölu undanfarin misseri og enn fást á skrifstofu ÍÆ. Þeir voru gjöf til félagsins frá hjónunum Láru Liv Ólafsdóttur og Bárði Guðfinnssyni, sem búsett eru í Kína. Þau hafa nú látið gera sérmerktar húfur og vettlinga af bestu gerð og af rausnarskap gefið félaginu. Eru þeim hér með færðar bestu þakkir fyrir.

Barnabókin, Hjartagull eftir Dan og Lotte Höjer, kom út fyrir síðustu jól. Hún segir í myndum og máli af lítilli stúlku í fjarlægum landi og manni og konu sem langar svo mjög til að verða foreldrar hennar. Þessi bók ætti að vera til á öllum heimilum kjörbarna sem og annarra barna og tilvalið að gefa



leikskólum. Klara Geirsdóttir kjörmóðir þýddi bókina og hefur haft milligöngu um að fjáröflunarnefnd selji hana og rennur ágóðinn í fjáröflunarsjóði ÍÆ. Sannarlega þakkarvert framtak. Einnig eru til sölu litlar fallegar ævintýrabækur um Rauðhettu, Öskubusku, Gullbrá og Mjallhvíti í nýrri útgáfu og rennur hluti af söluandvirði af þeim einnig til styrktarmála ÍÆ. Bækurnar eru allar til sölu á skrifstofu ÍÆ og einnig á þeim viðburðum sem framundan eru hjá félaginu.

Tomorrow plan snýst um að gefa fötludum munaðarlausum börnum tækifæri til betra lífs, með því að laga

hjátagalla, fá spelkur eða lagfæra smávægilega erfðagalla. Á Indlandi eru ýmis verkefni í gangi sem tengjast rekstri barnaheimilisins sem Íslendingar hafa ættleitt frá. Má þar nefna að veita fátækum börnum í Kolkata lækniþjónustu, gefa næringarrikan hádegismat í skóla fyrir þá bláfátæku og borga laun kennara svo eitthvað sé nefnt. Með því að leggja inn á bankareikningana hér fyrir neðan geta áhugasamir gert börnum gott sem sannarlega þurfa á því að halda. Lítið framlag getur skipt sköpum.

Með kærri kveðju og þökkum fyrir góðan stuðning.

Fjáröflunarnefnd ÍÆ 2006-2007.

Söfnunarreikningar:

Styrkir til Indlands 525 - 14 - 604555
Styrkir til Kína 525 - 14 - 604666
Almennur reikningur 513 - 26 - 8875
Kennitala reikninganna er 531187 - 2539

Fjörufærðir eru fjörugar!



Ljóð úr útilegunni 2006

Lóur

Á Reykhóla við fórum,
í rigninguna fórum.
Með sól í hjarta,
syngjum við saman.

Hafernir

Haförninn er cool.
Hann er sterkur, flottur.
Hver er ekkert púl,
og hann borðar ekki rottur.

Spóar

Ljóð, moð, koð.
Hús, mús, knús.
Fíll, bíll, stíll.
Skrill, mill, dill.

Kríur

Krían goggar í hausinn á pér,
það er ekki gaman.
Best er að hafa varann á sér,
kriúngum smáum.

Útilegan 2007

Útilegan í ár verður haldin að Húsabakka í Svarfaðardal 20. - 22. júlí. Við höfum þar afnot af félagsheimili og skólanum, mjög góð aðstaða bæði úti og inni. Einnig höfum við aðgang að gömlum sundskála í sveitinni sem er algerlega ómissandi að prófa. Stutt er svo í góða útisundlaug á Dalvík.

Innigistingu er hægt að panta gegn vægu gjaldi. Þeir sem hafa hugsað sér það geta haft samband við Birnu Blöndal s. 845 1237 eða Ingu Möggu 898 7301.

Brynja Mutidha Dan Gunnarsdóttir og Sólveig Kanthi Engilbertsdóttir ræða um líf sitt en þær voru ættleiddar sem kornabörn frá Sri Lanka. Bjarni Brynjólfsson tók viðtal við þær stóllur fyrir hönd blaðsins.

Brynja og Sólveig, fæddar 1985, eru orðnar fullorðnar konur og vilja gjarnan deila reynslu sinni af því hvernig það er að vera ættleiddur einstaklingur frá fjarlægðu landi. Margt sem þær hafa að segja kemur svo sannarlega á óvart og er afar forvitnilegt fyrir foreldra sem eiga ættleidd börn.

Ég mæli mér mót við þær á veitingahúsinu Sólon í Bankastræti. Það er Brynja sem hefur milligöngu um viðtalið. Ég hringi í hana daginn fyrir fundinn og spyr hvort þær komi ekki áreiðanlega báðar. Hvernig þekki ég ykkur?

„Við verðum örugglega einu dökku stelpurnar þarna inni,“ svarar hún ákveðin.

Það passar. Það er ekki erfitt að koma auga á þær á kaffihúsinu.

Báðar komu þær frá Sri Lanka árið 1985 en í sitt hvoru lagi. Sólveig var aðeins mánaðargömul en Brynja tveggja mánaða. Báðar eiga yngri systkini. „Ég á systur sem mamma og pabbi eignuðust sjálf níu árum eftir að þau náðu í mig,“ segir Sólveig.

„Ég á eina systur sem er ættleidd frá Indlandi. Hún er tveimur árum yngri en ég,“ segir Brynja.

Fjölskylduadstæður Brynju eru um margt óvenjulegar því foreldrar hennar skildu þegar hún var fjögurra ára og eru nú báðir látnir. Fyrst lést faðir hennar, Dan Hanson, og síðan móðir hennar Snjólaug Stefánsdóttir, þegar Brynja var níttján ára. Hún kveðst vera afar heppin að eiga góða móðurfjölskyldu, ömmu, afa og móðursystkini, sem hafi staðið vel við bakið á sér. „Ég á líka yndislegan kærasta, Axel Ásmundsson sem ég bý með. Hann er líka ættleiddur og er frá Indónesíu. Tengdajölskylda mín hefur líka staðið vel við bakið á mér,“ segir Brynja. Hins vegar hefur hún lítið samband við föðurfjölskyldu sína sem býr í Svíþjóð en faðir hennar var sænskur. Hún segir að fráfalið foreldranna hafi þýtt það að hún varð að standa á eigin fótum. „Ég fór að búa. Það var dálítið átak en hefur gengið vel.“ Hún stundar nú nám í rekstrarverkfræði við Háskólann í Reykjavík en kærastinn stundar nám í bifvélavirkjun.

Sólveig er líka farin að búa. Hún eignaðist barn níttján ára gömul og gerði þá árs hlé á námi. „Ég er á félagsfræðibraut í MH,“ segir Sólveig sem býr með barnsföður sínum Almari Halldórssyni.

Þær stallsystur héldu fyrirlestur á aðalfundi Íslenskrar ættleiðingar í

fyrri þar sem þær gáfu m.a. foreldrum ættleiddra barna ýmis góð ráð um uppeldið. Þar ræddu þær m.a. um mikilvægi þess að foreldrar haldi engu leyndu um uppruna barna sinna.

„Það skiptir öllu máli að fylla rétt í eyðurnar og segja frá hlutunum eins og þeir voru. Fólk á alls ekki að vera með eitthvert pukur eða ósannindi í sambandi við uppruna barnanna sinna,“ segir Sólveig. Hún segir að það geti skapað mikla innri togstreitu hjá börnum ef þau finna að foreldrarnir vilji ekki ræða um þessi mál við þau.

„Það segir sig sjálft að það var ekki hægt að ljúga að manni, kolsvörtum krakkanum,“ segir Brynja og brosir. „Það er því nauðsynlegt að segja manni frá þessu strax, eða um leið og maður hefur aldur og þroska til að meta upplýsingarnar. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir mann að hafa alla söguna, bara eins mikið og hægt er. Því á fólk að reyna að ná í eins miklar upplýsingar og það getur þegar það sækir börnin sín. Það á ekki bara að sýna manni það sem er flott og glæsilegt í upprunalandinu heldur líka frá daglega lífinu í viðkomandi landi. Svoleiðis myndir sýna manni hvernig líf hefði bedið manns hefði maður ekki verið ættleiddur. Þá er mikilvægt að taka með minjagripir frá upprunalandinu. Það þarf ekki að vera merkilegt. Í mínu tilfelli var alltaf eitthvað geymt sem ég fékk síðan að sjá síðar. Ég fékk t.d. hring frá Sri Lanka sem hafði verið geymdur í bankahólfri þangað til ég fermdist og foreldrar mínir höfðu keypt úti handa mér þegar þau sóttu mig.“

Sólveig: „Já, hlutir sem fólki finnst kannski mjög ómerkilegir geta verið manni mjög mikilvægir og kærir. Fötin sem maður var í þegar foreldrarnir fengu mann í hendur. Allir pappírar sem viðkoma manni og ekki síst ljósmyndir af öllu umhverfi manns sem barns. Allt raðar þetta saman þúsluspilinu sem líf manns er og hjálpar til við að byggja upp sjálfsmynd.“

Brynja: „Ég er mjög heppin því ég á mynd af blóðmóður minni í Sri Lanka. Mamma stalst til að taka hana. Það mátti ekki en hún gerði það bara. Mamma sagði mér að þær hefðu talað saman. Í mínu tilfelli var allt opið, myndalbúmin alltaf til sýnis og mappa með öllum pappírnum sem til voru um mig og fylgdu mér.“

Sólveig: „Það voru heldur engin leyndarmál í kringum mig. Allt opið og ekkert undir borðinu. Ég er líka mjög heppin þar sem ég á líka mynd af móður minni.“

Hafið þið orðið varar við að það sé einhver feluleikur í kringum þessa hluti? Að foreldrar ættleiddra barna leyni þau einhverju?

„Já, það eru ótrúlega margir í einhverjum feluleik. Við höfum orðið varar við það. Þetta er alröng aðferð og getur skaðað mikið. Fólk finnst

kannski erfitt að tala um þetta. Á endanum verður síðan hvellur út af þessu og tilfinningalífið fer úr skorðum hjá öllum aðilum,“ segir Sólveig og Brynja samsinnir henni.

Hafið þið leitað að rótum ykkar og raunverulegum foreldrum?

Sólveig: „Ég held það sé mjög erfitt. Stundum langar mig til þess en svo koma dagar þar sem ég hef engan áhuga á því.“

Brynja: „Mig langar til þess. Móðurbróðir minn er sendiherra Íslands í Svíþjóð og hann er einnig sendiherra Íslands í Sri Lanka. Mig hefur langað til að nýta mér samband mitt við hann til að komast að hvar fjölskyldu mína er að finna. Ég er ákveðin í því að gera þetta en það verður að vera fullkomið þegar það gerist. Við höfum rætt um það, ég og unnusti minn, að okkur langi til að gera þetta saman því hann hefur einnig áhuga á því að vita um uppruna sinn.“

Sólveig: „Ég var eiginlega sú fyrsta til að taka upp upprunalega nafnið mitt. Ég fékk það samþykkt í þjóðskrá á tíu ára afmælisdaginn minn. Brynja gerði það síðan líka. Það er mikilvægt að foreldrar styðji mann í því að kanna upprunann. Ýti undir það og bjóðist til að styðja mann.“

Hvernig finnst ykkur íslenskt samfélag hafa tekið ykkur?

Sólveig: „Auðvitað hefur maður lent í ýmsu. En við þekkjum náttúrlega bara þetta umhverfi og ekkert annað. Reynslan af lífinu er bara góð. Mér finnst hins vegar hafa aukist mikið að krakkar byrji að tala við mann á ensku vegna þess að þau halda að maður sé útlendingur. Ég lendi talsvert í því í skólanum.“

Brynja: „Finnst þér það. Ég hef aldrei lent í því með jafnaldra mína eða yngra fólk. Hins vegar hefur eldra fólk oft ávarpað mig á ensku.“

Sólveig: „Það voru hins vegar hlutir sem maður gekk í gegnum þegar maður var yngri sem gerðu manni erfitt fyrir. Til dæmis var erfitt að fá sokkabuxur í okkar húðlit. Snyrtivörur voru líka af skornum skammti, enginn farði eða aðrar vörur til í okkar litum.“

Brynja: „Maður lærir af öðrum krökkum. Ég prófaði t.d. að fá mér ljósar strípur eins og hinir krakkarnir og komst fljótlega að því að það passaði engan veginn mínum háralit.“

En hafið þið orðið fyrir beinum kynþáttafordómum?

Brynja: „Það er svo misjafnt hvernig upplifunin er. Mér fannst mér vera gróflega mismunað ásamt öðrum krakka af leikfimikennara á Reykjum í Hrótafirði þegar við vorum í sjöunda bekk. Mér skilst að hann hafi verið rekinn á endanum þessi maður.“

Sólveig: „Auðvitað varð maður fyrir ýmsu út af því að maður er öðruvísi. Maður hefur fengið alls konar kjánasurningar í gegnum tíðina, frá



Axel Ásmundsson og Brynja Mutidha Dan Gunnarsdóttir.
Sólveig Kanthi Engilbertsdóttir með soninn Almar Tristan Almarsson
tveggja ára, pabbi hans heitir Almar Halldórsson.

krökkum og fullorðnum. Ertu svona brún af því þú ert alltaf að drekka kókomjólk? Það virkaði heldur ekki alveg fyrir mig að fara í tásuleikinn í leikskólanum. (Allir fara bak við tjald og bara tærnar sjást og svo á að geta hver á hvaða tær.) Mér fannst það mjög leiðinlegt og hágrét."

Brynja: „Það getur líka verið jákvætt að vera öðruvísi. Kennarar muna t.d. alltaf hvað maður heitir og veita manni meiri athygli. Núna er samfélagið hins vegar að breytast. Ég hugsa að við séum kannski síðasta kynslóðin sem var öðruvísi. Bekkirnir í skólunum eru orðnir svo blandaðir núna."

Hvernig fóruð þið að því að verja ykkur fyrir spurningum krakka um uppruna ykkar?

Brynja: „Í fyrsta lagi er mikilvægt að láta kennarann vita hvernig er í pottinn búið þannig að hann geti hjálpað til ef áreitið verður mikið. En mér fannst þetta ekki erfitt og yfirleitt þögnun raddirnar strax þegar svarið kom. Það er mikilvægt að hafa svarið undirbúið."

Sólveig: „Já, svarið er í raun einfalt. Mamma mín var svo fátæk að hún gaf mig. Það besta sem hún gat gert fyrir mig var að gefa mig. Mamma og pabbi hérna gátu ekki eignast börn og þau fengu mig."

Var þetta erfitt að þurfa að koma með skýringar?

„Nei, ekki svo." Þær eru sammála því að þetta hafi ekki verið svo erfitt. Frekar eitthvað sem félögum þeirra

pótti spennandi og því frekar jákvætt fyrir þær.

Hugsid þið oft um þá ákvörðun raunverulegra mæðra ykkar að gefa ykkur frá sér?

Sólveig: „Já, þetta kemur öðru hverju upp í hugann. Ég held að allir sem eru ættleiddir hugsi um þá ákvörðun móður sinnar og hjá mér vaknaði sú spurning aftur – og þá mjög sterk eftir að ég eignast síðan son minn. Þegar ég eignaðist strákinn minn og hélt á honum í fyrsta sinn hafði ég aldrei séð neitt jafn fallegt og yndislegt. Maður hugsar ósjálfrátt um það hvað það hljóti að vera gríðarlega erfitt að láta frá sér það sem manni finnst vænst um í öllum heiminum."

Brynja: „Það skín í gegn að þær mæður sem gera þetta eru bara að hugsa um börnin sín, að þau öðlist betri framtíð og geti lifað lífi sem þær hefðu aldrei getað boðið þeim upp á. Í raun er þetta óeigingjarnasta ákvörðun sem til er."

Hafid þið upplifað mismunun vegna húðlitar?

Brynja: „Nei, hvorki ég né kærastinn minn höfum fundið fyrir því að vera mismunað. Hvorki í skóla né vinnu."

Sólveig: „Ég get verið sammála því. Það er hins vegar auðvelt að falla í þá gryfju að kenna alltaf húðlitnum eða upprunum um ef maður fær ekki vinnu. Hins vegar getur það verið vegna þess að einhver var hæfari en þú."

Brynja: „Já, það er mjög varasamt

að falla í svona gryfjur. Það verða allir fyrir einhvers konar áreiti í lífinu. Allir krakkar verða fyrir einhvers konar stríðni. Hins vegar er mikilvægt að spila rétt úr hlutunum og festast ekki í neikvæðni þó að einhver segi eitthvað við mann. Þetta er auðvitað spurning um uppeldi og að hafa rétt viðhorf. Líka spurning hvernig maður vinnur úr reynslunni."

Eigið þið góða vini frá skólaárum ykkar?

Brynja: „Já. Ég á ágætan vinahóp sem hittist úr Öldutúnsskóla og síðan Fjölbraut í Garðabæ. Við erum hins vegar á þeim aldri að maður er ennþá að eignast vini."

Sólveig: „Ég á tvær mjög góðar vinkonur úr grunnskóla. Annars er þetta náttúrulega spurning um félagslyndi. Mér finnst krakkar alltaf hafa verið forvitnir um mig og hafa laðast að mér vegna þess að ég er öðruvísi. Og ef maður lenti í því að stærri krakkar voru að stríða manni voru jafnaldrarnir alltaf tilbúnir að verja mann. „Látið ekki svona. Viljið hætta strax, hún er ættleidd!“ var kannski sagt." Sólveig gekk í Hlíðaskóla, síðan Fjölbraut í Ármúla og nú síðast MH.

Þær segja mikilvægt að foreldrar ættleiddra barna finni eitthvað sem geti komið í staðinn fyrir það sem ekki er vitað og tapaðist við það að barnið var ættleitt.

Sólveig: „Í okkar tilfelli koma ferðalagamyndir í stað bumbumynda. Þetta eru nokkurs konar staðgenglar fyrir það sem litið er á sem sjálfsagða hluti hér á landi. T.d. var ekki skráð klukkan hvað ég er fædd eins og gert er hér á landi en í samkomulagi við foreldra mína ákváðum við að hafa það tímann sem þau sáu mig fyrst. Það er spurt um svona hluti í ótal skólaverkefnum til dæmis. Allt er þetta mikilvægt upp á sjálfsmyndina að gera."

Brynja: „Það hjálpaði okkur líka rosalega mikið að hitta aðra krakka frá Sri Lanka. Við fórum að hittast þegar við vorum þrettán ára og höfum hist af og til. Ég ráðlegg foreldrum endilega að halda sambandi við aðra foreldra ættleiddra barna til að leyfa þeim að kynnast. Það er mikill styrkur fólgin í því fyrir börnin. Farið líka endilega á samkomurnar hjá Íslenskri ættleiðingu, jólaböllin, útilegurnar og annað sem er í boði þar. Þetta er allt mikilvægt."

Þær stöllur vilja gjarnan svara fleiri spurningum en hafa borið á góma hér og gefa upp netföngin sín í því skyni. Þær eru líka meira en til í að hitta aðra ættleidda sem nú eru sjálfir orðnir foreldrar og hafa áhuga á því að hittast. Hafid samband við þær í þeim tilgangi.

brynjadan@hotmail.com
solveigk1985@hotmail.com

Eitt og annað sem kjörforeldrar þurfa að hafa í huga

Birna Blöndal er proskapjálfi og móðir þriggja stúlkna á aldrinum 6 – 17 ára og eru tvær þeirra ættleiddar frá Indlandi. Í leit hennar að aðstoð fyrir dæturnar rakst hún á marga veggi og mikið þekkingarleysi á málefnum ættleiddra barna. Birna hefur óþrjótandi áhuga á þessu málefni og hefur aflað sér heilmikillar þekkingar auk þeirrar reynslu sem hún hefur af uppeldi tveggja kjörbarna. Birna brást vel við að taka saman efni til birtingar í fréttablaði ÍÆ.

Hvað eru tengsl?

Hugtakið tengsl er ofarlega í huga flestra kjörforeldra.

Með hugtakinu er átt við traust á milli foreldra (umönnunaraðila) og barns. Ef um er að ræða líffræðilega alið barn myndast þessi framtengsl nánast ómeðvitað. Tengsl milli móður og barns hefjast þegar barnið er enn í móðurkviði og eftir að barnið kemur í heiminn sýnir það vanlíðan með gráti og foreldrið bregst við með því að hugga það og sinna líkamlegum og andlegum þörfum þess. Með stöðugri hringrás þar sem barnið þarfnast umönnunar og foreldar bregðast við, fer barnið að treysta þeim og á von á að þörfum þess verði mætt og þeim sinnt. Ef þessi hringrás rofnar, eins og gerist hjá ættleiddum barni við dvöl á stofnunum, þar sem barnið fær ekki þörfum sínum fullnægt, hættir það að treysta á að einhver sinni því og leitar í að sefa sig sjálft. Reynsla barna af þessum framtengslum er sá grunnur sem börnin byggja á síðar meir hvað viðkemur tilfinningasamböndum, samskiptum við aðra og sýn þeirra á veröldina.

Eitteigaöll ættleidd börnsameiginlegt og það er að hafa orðið fyrir því mikla áfalli að vera skilin frá móður sinni. „Talið er að allt að 30% barna sem ættleidd eru strax eftir fæðingu eigi við tengslaerfiðleika að glíma“. (Walter D. Buening; 2004).

Ef síðan bætast við hlutir eins og vanræksla, ofbeldi (andlegt, líkamlegt og/eða kynferðislegt), vannæring, tíð skipti umönnunaraðila, ómeðhöndlaður sársauki (t.d. eyrnabólga) verður áfallið enn meira og allt þetta verður þess valdandi að heili barnsins þroskast ekki eins og hann ætti að gera og efnaskipti hans brennast.

Við "The TCU Institute of Child Development (ICD)" eru miklar rannsóknir í gangi á því hvaða áhrif stofnana-vist hefur á þroska og þróun heilans hjá börnum.

T.d. hefur verið sýnt fram á að cortisol, sem er streituhormón, finnst í auknu magni hjá ættleiddum börnum.

Þannig að streitu- og kvíðapröskuldur þeirra er lægri en hjá öðrum börnum. Ef heilinn þroskast ekki rétt getur hann ekki unnið rétt. (Karyn Purvis, 2006)

Aðrar rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að börnum, sem ættleidd eru eftir stofnavist, er hættara við ýmsum erfiðleikum svo sem með svefn, mataræði, hegðun og tilfinningalíf, auk þess sem þau geta þrífist illa. (Ames, 1997; Zenah, 1999)

Tengslaröskun

Mikið hefur verið talað um tengslaröskun (reactive attachment disorder = RAD) og sífellt fleiri börn eru greind með hana.

RAD er flókin röskun sem greinist sjaldnast ein og sér þar sem börn með mikil tengslavandamál glíma líka oft við fleiri hluti eins og áfallastreitu, kvíða, þunglyndi, einhverfueinkenni og fleira. Ýmsir tékklistar hafa verið settir fram til að meta RAD og er hægt að nálgast þá á netinu. En þeir einir og sér gefa ekki rétta mynd af því hvort um tengslaröskun sé að ræða. Hægt er að lesa um tengslaröskun í bók Dr. Federici, *Help for the Hopeless Child: A Guide for Families*. Tékklista og fleira má einnig finna á síðunni, <http://www.reactiveattachmentdisorder-treatment.com>

Skynreiða

Heimili fyrir munaðarlaus börn eru ekki hamingjuríkir staðir fyrir börn að búa á og aðbúnaður þar misslæmur. Í flestum tilfellum eru mörg börn á hvern umönnunaraðila sem veldur því að ekki er tími til að sinna hverju barni fyrir sig nægjanlega. Þau liggja/sitja langtímum saman í rúmunum sínum, skipt er á þeim eftir tímaskrá en ekki eftir þörfum, þeim getur verið of heitt/kalt (eftir árstíma), lítið pláss, lítið um örvun og snertingu. Næring, jafnt andleg sem og líkamleg af skornum skammti.

Þar sem börnin fá ekki nægjanlega líkamlega snertingu og örvun glíma þau oft við skynreiðuerfiðleika. Skynreiðuerfiðleikar geta orðið til þess að barnið skilurekkjumhverfi sitt rétt þannig að það getur misskilið t.d. félagsleg samskipti, svipbrigði og tilgang snertingar og faðmlaga. Hegðunarerfiðleikar eru líka oft fylgifiskur skynreiðuerfiðleika. Þetta er oft ranglega greint sem tengslavandamál. Mælt er með bókinni, *The Out of Sync Child* eftir Carol Kranowitz. Bók þóru Þóroddsdóttur, Að hreyfa sig og hjúfra, er líka frábær.

Þessar upplýsingar liggja fyrir og ættu að segja okkur hversu ólíkt uppeldi og atlæti börn þurfa eftir að ættleiðing hefur átt sér stað. Bakgrunnur ættleidda barnsins er allt annar og það væri óendanlega ósanngjarnt af okkur að gera ráð fyrir öðru.

Öll ættleidd börn glíma við einhvers konar tengslavandamál fyrst eftir heimkomu. Að koma tengslamyndum á og í góðan farveg kostar bæði vinnu og tíma. Ást og umhyggjan ein mun ekki hjálpa börnunum að komast yfir erfiðleikana. En við getum hjálpað þeim.

Margt er hægt að gera þegar heim er komið með nýjan fjölskyldumeðlim til að lina áfallið og hjálpa barninu að vinna úr sinni sársaukafullu reynslu og hjálpa því að öðlast traust og trú á sínum nýju foreldrum, sem og við að vinna úr þeim erfiðleikum og sáru reynslu sem þau hafa í farteskinu.

Hvað getum við gert?

Dr. Ronald Federici er doktor í tauga- og þroskasálfræði. Hann er forstöðumaður stofnunar í Alexandríu í Virginíufylki í Bandaríkjunum sem sérhæfir sig í alhliða greiningu og meðferðaráætlunum fyrir börn sem hlotið hafa margvíslegan skaða af völdum stofnana-vistar. Einnig er hann þekktur höfundur og fyrirlesari og hefur skrifað margar greinar um þetta málefni, hann er höfundur bókarinnar „*Hope for The Helpless Child: A Guide for Families (with Special Discussion for Assessing and Treating the Post-Institutionalized Child) second edition*“. Hann er líka ráðgjafi við margar alþjóðlegar stofnanir m.a. heimili fyrir munaðarlaus börn.

Dr. Federici hefur komið hingað til lands þrisvar sinnum til að halda námsstefnur fyrir bæði foreldra og fagfólk. Einnig hefur hann verið að vinna með íslenskum fjölskyldum.

Dr. Federici hefur sjálfur ættleitt 7 börn frá Rússlandi og Rúmeníu. Heimasiðu hans er hægt að skoða á netinu www.drfederici.com og þar er að finna gríðarlega mikinn fróðleik.

Eftirfarandi eru atriði sem Dr. Federici mælir með, athugið að þessir punktar eru á engan hátt tæmandi fyrir það sem þarf að hafa í huga.

Foreldrar þurfa að vera vel undirbúnir og meðvitaðir um hvað felst í því að ættleiða barn og búa sig undir þá erfiðleika sem þeir gætu átt í vændum. Þeir þurfa einnig að gera sér grein fyrir þeim aðstæðum sem barnið hefur búið við, í móðurkviði, hjá fósturfjölskyldu, á barnaheimilinu og hvaða áhrif það hefur haft á þroska barnsins. Líkurnar á að barnið sé „bara venjulegt“ þegar heim er komið eru engar!

Best er að byrja að vinna með barnið um leið og komið er heim. Sá tími sem tekur við fyrst eftir heimkomu er gríðarlega mikilvægur.

Skipulag, skipulag, skipulag. Skipulag kemur ró á barnið og hjálpar því að finna öryggi. Matartímar, leiktími, svefn, best er að hafa skipulag á þessu öllu ef mögulegt er.

Þó barn hengi sig á foreldra sína þá

er það ekki endilega merki um að barnið elski þá skilyrðislaust og skilji hvað það er að vera partur af ástríkrí fjölskyldu. Frekar er um að ræða skelfingu lostið barn. Foreldrar verða ástfangnir miklu fyrr af barninu sínu heldur en barnið af þeim. Tengsl þróast með tímanum en ekki samstundis.

Alls ekki oförva barnið. Herbergi barnsins á að vera einfalt og allt að því laust við dót og myndir. Barnið er alls ekki vant slíku og það gæti bara aukið á hræðslu og stress. Smám saman er síðan hægt að kynna fyrir barninu nýja hluti. Útvarp og sjónvarp ættu að vera í algjöru lágmarki og barnið á alls ekki að horfa eitt á sjónvarp.

Börnin eru vön skipulagðri rútínu og best er að halda hlutunum í föstum skorðum, hvað viðkemur svefntíma, matmálistíma og þess háttar. Annað getur gert barnið ringlað því erfitt er að taka inn allt þetta nýja í einum hveli.

Mjög mikilvægt er að foreldrar séu heima með börnin og haldi heimsóknum í algjöru lágmarki og helst takmarka þær við nánustu aðstandendur. Annað hvetur barnið til að mynda yfirborðskennd tengls við aðra þar sem allir vilja halda á barninu og gefa því hluti. Enginn heldur á barninu nema foreldrar.

Barnið ætti alls ekki að fara á leikskóla fyrr en eftir að minnsta kosti 12 mánuði frá því að heim er komið. Leikskóli er fyrir barninu ekkert annað en stofnun líkt og barnaheimilið var.

Forðist að fara með barnið á „yfirpyrmandi“ staði fyrstu mánuðina eftir að það kemur heim eins og t.d. íþróttaskóla, leikvelli, verslanir og almenningssundlaugar.

Barnið þarf að fá að læra á allt það nýja í umhverfi sínu hægt og rólega. Fyrst og fremst þarf það að læra að verða öruggt á sínu nýja heimili áður en lengra er haldið. Tengslamyndun tekur langan tíma og þarf barnið margt að læra og æfa áður en hægt er að segja að tengsl séu farin að styrkjast.

Fyrst og fremst eiga foreldrar að vera við stjórnvölinn. Barnið á aldrei að ráða, foreldrar sem ná ekki að stjórna barni sínu, vinna ekki traust þess. Barnið mun reyna eins og það mögulega getur því það vill ekki missa stjórnina. Barn sem ekki lætur að stjórn er ekki vel tengt foreldrum sínum. Stjórnsemi er helsta einkenni tengslavandamála og tengslaröskunar. Barnið á ekki að ráða! Barnið verður að geta treyst því að foreldrar séu það sterkir að þeir geti hugsað um og stjórnað því, öðruvísi fer

tengslamyndun ekki á rétt skrið. (Dr. Ronald Federici, 2001)

Hvað svo?

Stundum dugar þetta ekki til og þá þarf að leita hjálpar fagaðila til að aðstoða foreldra. Undanfarin ár hefur orðið mikil vakning í málefnum ættleiddra barna og þeim erfiðleikum sem þau og kjörfjölskyldur þeirra þurfa oft að takast á við. Ekki eru þó margir sérfræðingar hér á landi sem hægt er að leita til eftir aðstoð og má jafnvel segja að þeir séu í læri hjá erlendum fagaðilum. Málfríður Lorange sálfræðingur er þó sennilega sú sem veit hvað mest um þessi mál hérlandis. Síðan eru margir foreldrar sem búa yfir mikilli reynslu og þekkingu og auðvelt ætti að vera að setja upp stuðningsnet foreldra.

Ef grunur er um að barnið hafi skynreiðuerfiðleika þá þarf að leita aðstoðar sjúkráþjálf. Líkamsburstun er ein leið sem notuð hefur verið með góðum árangri. Notaður er sérstakur bursti og húðin strokin með honum. Enn bendi ég á bók Þóru Þóroddsdóttur, Að hreyfa sig og hjúfra.

Ég bendi fólki á að kynna sér vel eftirfarandi efni:

Kvíði, streita, skynreiða, svefnvandamál ættleiddra barna, snemmbær kynþroski, áfallaröskun og aðskilnaðarkvíði.

Heimildir:

Ames, E.W. 1997. The Development of Romanian Orphanage Children Adopted to Canada. Burnaby, B.C.: Simon Fraser University.

Buening, Walter. 2006. Understanding Bonding and Attachment. Sótt 01.01.2004 af <http://www.reactiveattachmentdisordertreatment.com>

Federici, R. 2003. Help for the Hopeless Child. A Guide for Families (with Special Discussion on Assessing and Treating the Post-Institutionalized Child) Second Edition: Dr. Ronald S. Federici and Associates

Purvis, Karyn Ph.D. & David Cross, Ph.D. 2006.

Six Words for Adoptive Parents to Live By. Sótt 10. janúar 2007 af

<http://www.child.tcu.edu/>
Valgerður Baldursdóttir. 1999. Tilfinninga-
tengsl skapa grunninn.

Afmælisrit Íslenskrar ættleiðingar - 20 ár.

Zeanah, C.H. 2000. Disturbances of attachment in young children adopted from institutions. J Dev Behav Pediatr. Jun;21(3):230-6.

Þóra Þóroddsdóttir. 2001. Að hreyfa sig og hjúfra. Ásútgáfan, Akureyri.

Annað lesefni:

Að ala upp barn eftir stofnanavist. Áhætta, áskoranir og nýjar meðferðarleiðir. Grein eftir Dr. Federici. Þýdd af Ólafi E. Friðrikssyni. Birt á vefnum, www.aettleiðing.is

Attaching in Adoption. Practical Tools for Today's Parents. Deborah Gray

Dog trainer's guide to PARENTING.

Harold R. Hansen

Facilitating Developmental Attachment. Daniel Hughes

Toddler Adoption: The Weaver's Craft. Mary Hopkins-Best

The Out-of-Sync Child. Carol Stock Kranowitz

Þessar bækur er ýmist hægt að nálgast á www.amazon.com, í bókabúðum hérlandis og sumar á bókasafni Íslenskrar ættleiðingar.

Rauður þráður...

Þá opnuðust dyrnar
ljós flögraði inn

barn er þér gefið
það lífið mér rétti

þráðurinn rauður
blíðlega bærir

með andvara þýðum
yfir haf -- yfir lönd

gullinbrún von
í brosmildum augum

ljós mitt og yndi
settist hér að

hljóðlega vefur
hjartanu rætur

þá opnast dyrnar
ljós flögrar inn...

Jórunn Elíóttir

Opið til 24

 **Lyf & heilsa**
Austurveri

Heimsókn á barnaheimili í Kína



Í apríl 2006 ættleiddum við hjónin annað barn okkar frá Kína, stúlku sem ber nafnið Heiður Þórey. Heiður Þórey var 16 mánaða þegar við sóttum hana. Fyrir eigum við dreng frá Kína, Atla Baldur sem nú er fjögurra ára. Þegar við sóttum Atla Baldur var ekki mögulegt að heimsækja barnaheimilið þar sem hann hafði dvalið í bland við það að vera í fóstri. Við urðum því afar spennt þegar í ljós kom að okkur stæði til boða að heimsækja barnaheimili Heiðar Þóreyjar. Foreldrar hinna fimm stúlkanna sem voru ættleiddar um leið og Heiður Þórey voru jafn spenntir og því var það full rúta af foreldrum og börnum sem lagði upp í dagsferð til Yang Jiang borgar í Guangdong héraðinu syðst í Kína. Ferðin á áfangastað tók tæpa þrjá tíma, raki og mistur hindraði útsýni yfir sveitina.

Það var nokkur beygur í mér að taka bæði Heiði Þóreyju og Atla Baldur með í heimsóknina á barnaheimilið. Ég velti fyrir mér hvort heimsóknin gæti haft neikvæð tilfinningaleg áhrif á börnin. Væri til að mynda mögulegt að minningar kæmu upp hjá Atla Baldri við að heimsækja barnaheimili sem væri sambærilegt við hans fyrrum heimili? Og hvernig myndi Heiður Þórey bregðast við? Áður en við hjónin ákváðum að öll fjölskyldan færi saman á barnaheimilið veltum við vöngum yfir því hvað væri best fyrir börnin okkar. Sú ákvörðun að fara með börnin var góð. Það mikilvægasta fyrir okkur við þessa heimsókn var nefnilega að sjá viðbrögð dóttur okkar. Heiður Þórey varð svo kát og glöð þegar hún kom inn á heimilið, hún tók nokkur dansspor á gólfinu og stappaði af kæti. Heimsóknin virtist ekki vekja upp neinar minningar hjá Atla Baldri, hann var strax spenntur yfir rennibrautinni úti í garði og hamaðist þar sem mest hann gat.

Okkur bauðst að skoða tvær vistarverur á heimilinu. Annars vegar stórt og rúmgott herbergi þar sem var risa sjónvarpsskjár og leðursófar meðfram veggjum. Í þessu herbergi hélt forstöðumaðurinn stutta tölu þar sem hann fræddi okkur um að heimilið hefði verið stofnað árið 1952. Hann greindi frá því að starfsfólkið legði allan sinn metnað í að sinna vel börnunum

sem þarna dveldu. Hann lýsti stoltur fyrir okkur aðbúnaðinum á heimilinu, m.a. að þau hefðu góða þvottaaðstöðu og loftræstingu. Þvottaaðstaðan var greinilega mikilvæg því á heimilinu eru notaðar taubleyjur. Við afhentum þarna



gjafir sem voru barnaföt og mjólkurduft. Forstöðumaðurinn fékk jafnframt bók að gjöf um Ísland á kínversku, íslenska fánann, og fánanælur. Tveir aðrir yfirmenn auk forstöðumannsins tóku á móti hópnum.

Seinni vistarverurnar sem við skoðuðum var herbergið þar sem Heiður hafði dvalið ásamt um 60 öðrum börnum á sama reki. Herbergið var hreinlegt en kuldalegt á íslenskan

mælikvarða. Rimlarúm úr stáli voru í röðum, ljósar flísar á gólfu og stórir hátalarar héngu í lofti. Lítið var sýnilegt af leikföngum. Börnin sem við sáuum (nánast allt stúlkur) voru forvitin um íslensku gestina og stóðu öll í hópi á gólfinu. Þau voru berfætt og öll klædd í eins bómullarföt. Heiður Þórey óð beint inn í hópinn og hóf samskipti við vini sína þar sem hún fór að skiptast á leikföngum við þá.

Í samtali við einn yfirmanninn kom fram að Heiður hafði einungis fengið pela en aldrei verið mötuð með þrjónum eða skeið. Það var þó ljóst á líkamlegu ástandi Heiðar að það var nóg af næringarefnum í því fljótandi fæði sem hún fékk. Börnin fá gjarnan að hlusta á tónlist og dansa og þau virðast vera hvött til að hreyfa sig. Hreyfiproski Heiðar var enda þá þegar ágætur. Ekki virðist vera lögð áhersla á að örva tilfinningaþroska eða samskipti við fullorðna því að enginn einn starfsmaður sér um ákveðið barn. Það eru þrjár vaktir á sólarhring og hafði ég á tilfinningunni að fámennur hópur kvenna sæi um mikinn fjölda barna.

Ég velti fyrir mér eftir heimsóknina að það hljóti að vera talsverð lífsbáratta á heimili sem þessu. Þá á ég við að þarna dvelur fjöldi barna sem hlýtur að fela í sér samkeppni um athygli starfsmanna, dót eða annað sem litlum börnum þykir eftirsóknarvert. Ég hefði gjarnan viljað vera fluga á vegg til að sjá daglegt líf innan veggja heimilisins. Samskiptin þykja mér áhugaverð, samskipti starfsfólks við börnin og samskipti barnanna sín á milli. Það litla stopp sem við áttum gaf ekki svör við spurningum eins og hversu mikla hlýju starfsmenn veita börnunum eða hvernig starfsfólkinu tekst að halda aga í þessum stóra hópi barna. Ef til vill skipta spurningar mínar og vangaveltur engu máli. Það sem skiptir öllu máli er að ég á núna yndislega dóttur sem er góð og heilbrigð. Nú hlotnast mér sú hamingja að veita henni alla mína ást og umhyggju, fyrir það er ég þakklát.

Lára S. Baldursdóttir.



Það er á ábyrgð okkar kjörforeldra að styrkja tengslin og tengslamyndun við börnin okkar.

Ekki er hægt að gera ráð fyrir að tengslin gerist sjálfkrafa. Með því að eyða tíma og orku í tengslastyrkjandi æfingar getið þið hjálpað ykkur sjálfum og barninu ykkar að þróa þau tengsl og þá nálægð sem þið bæði þurfið og viljið.

- ◊ Hafðu barnið í magapoka á daginn ef hægt er og láttu það snúa að þér.
- ◊ Farið saman í það til að stuðla að húð við húð snertingu. Farið einnig í sund, til að ýta undir húð við húð snertingu á góðan, afslappandi og skemmtilegan hátt. Það eykur traustið og er góð samverustund foreldra og barns.
- ◊ Plastið inn fjölskyldumyndir af ykkur sem barnið getur verið með, setjið í rúm barnsins og um alla íbúðina.
- ◊ Ef þú notar ilmvatn eða krem með lykt, láttu smá á handlegg barnsins svo það sé með lyktina þína á sér.
- ◊ Þegar þú gefur barninu eitt-hvað gott að borða, segðu þá barninu að þú sért góð/ur. Það er mikilvægt að segja með orðum að þú sért góð/ur, hvernig ættu þau annars að vita það.
- ◊ Notaðu hlutverkaleiki og leiktu með dúkkur til að sýna þær aðstæður sem barnið er í. Að foreldri kemur alltaf aftur eftir að það fer í burtu, að foreldri huggar barnið ef það grætur ofl.
- ◊ Takmarkaðu valmöguleika. Í fyrstu ættu foreldrar að taka allar ákvarðanir eins og með leikföng, mat og fót. Þetta hjálpar barninu að finna til öryggis.
- ◊ Klæðið ykkur svipað og bendið á að þið séuð eins.
- ◊ Gerðu tilkall til barnsins. Segðu að það tilheyri þér. Faðmaðu það og segðu: Ég á þig.
- ◊ Búðu til lítið skemmtilegt lag um fjölskylduna og að þið verið alltaf saman.
- ◊ Taktu barnið í fangið og dansið saman.
- ◊ Notaðu ungbarnanudd. Á meðan þú nuddar barnið, talaðu þá við það, syngdu og láttu það vita hversu sérstakt það er.
- ◊ Fíflist, hlæjið og skemmtið ykkur saman. Hláturinn lengir lífið!!

Gott augnsamband er undirstaðan fyrir góð tengsl. Eitt af helstu einkennum tengslaröskunnar eru erfiðleikar með að ná augnsambandi. Því er mikilvægt að hvetja barnið og æfa það til að ná augnsambandi við

ykkur. Hér koma nokkrar æfingar

- ◊ Gefðu barninu þela eins lengi og hægt er, jafnvel lengur. Haltu á barninu og ekki leyfa því að halda á þelann. Fáðu barnið alltaf til að horfa í augun í þér og þegar það gerir það, gefðu því þá strax þelann og hrósaðu því.
- ◊ Ef barnið snýr sér undan (til að forðast augnsamband) er hægt að setja spegil á móti ykkur. Þannig að þegar barnið snýr sér undan þá sér það sjálft sig í fanginu á þér.
- ◊ Til að barnið haldi athyglinni á andliti þínu, láttu það benda á nafið þitt, augun, munninn, kinnarnar o.s.frv. meðan þú gefur því þelann sinn.
- ◊ Starið í augu hvors annars. Ef að barnið getur haldið augnsambandi í 10 sekúndur fær það verðlaun. Aukið svo tímenn jafnt og þétt.
- ◊ Syngdu lag og láttu barnið klípa þig í nafið svo að þú hljómir skringilega. Þú hættir að syngja ef barnið rýfur augnsambandið.
- ◊ Láttu hendur barnsins á kinnar þínar. Augu barna leita oft þar sem hendur þeirra eru. Strjúktu líka kinnar barnsins.
- ◊ Láttu barnið taka límmiða af andlitinu þínu.
- ◊ Farið í feluleiki svo að barnið skilji að þú sért sjálf ekki mómmu og pabba þá eru þau ennþá þarna.
- ◊ Fylltu kinnarnar með lofti og láttu barnið „sprengja“ þær.
- ◊ Skiptist á að mata hvort annað.
- ◊ Kyssist eskimóa kossum, nuddið nefjum ykkar saman og starið í augu hvors annars.
- ◊ Leikið ykkur fyrir framan spegil. Allskyns leiki sem fær barnið til að slaka á og horfa á ykkur í gegnum spegil. Sjálfsmynd barnsins og líkamsvitund styrkist einnig við að leika sér fyrir framan spegil.
- ◊ Leiktu marga leiki sem kalla á andlit á móti andliti. Mikið af brosum og kossum. Lokaðu öðru auganu, svo hinu, blikkaðu snögglega, auktu svo hraðann, gefðu frá þér fyndin hljóð á meðan þú gerir þetta. Feldu bæði augun, svo eitt í einu, endurtaktu þetta.

Með skemmtilegum leik eru sterk skilaboð til barnsins: Mér líkar við þig, mig langar til að vera með þér. Þú ert sérstök/sérstakur. Samveran er ánægjuleg.

Að mestu þýtt og staðfært af heimasíðunni <http://www.attach-china.org/>

Kristín Valdemarsdóttir.

Mæðgur



Sandra Oddsóttir fæddist á Sri Lanka 29. nóvember 1984 og var ættleidd til Íslands 11 vikna gömul. Hún stundar nú undirbúningsnám fyrir list- eða hönnunarnám. Þann 19. apríl sl. eignaðist Sandra dóttur sem vóg 5.500 grömm og var 55 cm löng. Þessi myndarstúlka heitir Asía Björk og er Arnardóttir. Örn Kári Arnarson, pabbi hennar, er flugmaður og þau búa í Reykjavík. Myndin var tekin af Söndru og Asíu Björk 8 vikna þegar þær mæðgur voru í heimsókn hjá Grétu ömmu, Margrétu Erlingsdóttur, á Selfossi.



T.v. Asía Björk og Tinna Þórarinsdóttir frá Húsavík. Tinna fæddist á Sri Lanka 26. janúar 1985 og komu þær Sandra á sama tíma til Íslands í febrúar 1985. Sandra 11 vikna og Tinna 4 vikna. Þær hafa verið góðar vinkonur síðan. Tinna stundar nám í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

T.h. Asía Björk 7 mánaða.

„Asía Björk er nú orðin 10 mánaða og dafnar vel. Hún stendur upp og labbar meðfram. Hún er glaðlynd og skemmtileg en líka mjög ákveðin!“ segir Sandra sem hefur í nógu að snúast.

Lífið er ekki alltaf dans á rósum

Að njóta þeirra forréttinda að fá að eignast barn í gegnum ættleiðingu var stærsta gæfu-spor okkar hjónanna í lífinu.

Spennan hafði byggst upp í fjölmarga mánuði áður en lagt var af stað í ferðina miklu til Kína í nóvember árið 2003. Gleðin, tilfinningaflóran og geðs-hræringin sem við upplifðum þennan örlagaríka dag í nóvember fæst vart með orðum lýst. Við höfðum jú haft fjölmarga mánuði til að undirbúa okkur undir þessa stund eða allt frá því að við tókum ákvörðun um að ættleiða, sem við og gerðum, lásu okkur til jafnt í bókum sem og á veraldarvefnum. Við töldum okkur því nokkuð vel undirbúin og stóðum að sjálfsögðu í þeirri trú að við værum undir allt búin, en það reyndist nú ekki vera þegar á hólminn var komið. Litla stúlkan sem við fengum í fangið hafði ekki haft tækifæri til að undirbúa sig á nokkurn hátt og því óhætt að segja að áfallið hafi verið henni erfitt. Það var ansi margt sem hún var að upplifa í fyrsta sinn þessa fyrstu daga eftir að við fengum hana í fangið. Fyrsta sinn ofgnótt af ást og umhyggju, athygli, fæðu, fjölbreytni og að ekki sé minnst á ný hljóð og upplifanir úr umhverfinu. Sjálfsagt er misjafnt hvernig börnin vinna sig í gegnum þetta mikla áfall og áreiti. Dóttir okkar ákvað að sofa sig í gegnum það. Hún eyddi ansi mörgum klukkutímum á sólarhring í að sofa og valdi svo að hengja sig á okkur af miklu afli og reyndist afskaplega tortryggin á ný andlit og er það reyndar enn.

Eftir að heim var komið kom svo í ljós að hún var með bullandi eyrnabólgu og hafði verið lengi, auk þess sem hún var gífurlega létt og smá, það var því byrjað á að reyna að laga það eftir bestu getu.

Á rósrauðu skýi

Fyrstu mánuðina sveif fjölskyldan um á rósrauðu skýi (og gerir enn, þó við séum orðin jarðbundnari í dag) stúlkan óx af miklum krafti og dafnaði vel að því er virtist. Fljótlega fór hún þó að sýna ýmis einkenni sem bentu til þess

að eitthvað amaði að hjá henni. Hún virtist órugg, spenntist upp ef eitthvað var brugðið út af vananum og reyndi af miklu afli að stjórna umhverfinu sínu. Ef hún var stoppuð voru viðbrögðin yfirpyrmandi og ofsafengin, eins ef hún lenti í aðstæðum sem hún réði ekki við. Hún þrýsti olnbognum að okkur þegar við héldum á henni, forðaðist of mikla nánd sem mest hún mátti og átti mjög erfitt með að horfa í augun á okkur. Á sama tíma fór að bera á svefnörðugleikum. Hún lenti í frumskógi martraða nótt eftir nótt, vaknaði upp organdi eða í miklu upp-námi og reyndist oftast mjög erfitt að róa hana niður aftur. Einnig mátti mjög lítið útaf bera t.d. í leikskólanum til þess að hún hrykki til baka um fleiri mánuði í tengslamyndun og gripi til sjálfsefjunar, en hún hefur allt frá fyrsta degi gripið í að nudda á sér nefið og rugga sér fram og til baka ef hún lendir í aðstæðum sem hún ræður ekki við. Að sjálfsögðu beindust þessi bakslög að okkur foreldrunum, þar sem hún hefur vafalaust verið sannfærð um að við gæfumst upp og létum okkur hverfa.

Hvaða leiðir voru færar?

Nú voru góð ráð dýr, hvaða leiðir voru færar? Við völdum að byrja á ungbarnaeftirliti og leita ráða þar. Eins og svo fjölmörgum öðrum foreldrum ættleiddra barna var okkur ráðlagt að panta okkur tíma hjá barnalækninum á staðnum í greiningu. Þetta fannst okkur alveg ótækt næsta viss um að niðurstaðan úr greiningunni yrði að öllum líkindum ódæmigerð einhverfa, skilyrtur athyglisbrestur eða eitthvað á svipuðum nótum, sem var jú raunin. Eftir að hafa ráðfært okkur við góða vini sem einnig eiga ættleidd börn og hafa verið okkur ótæmandi viskubrunnur og stuðningur í okkar reynslu var lagst í lestur og því næst var heimilislífið algjör-lega tekið í gegn. Næstu mánuðir tóku verulega á. Stelpunni var settur mjög þröngur rammi og reyndi hún svo um munaði á polrif foreldranna frá morgni til kvölds í langan tíma. Hún kannaði mörkin á alla mögulega og ómögulega vegu, hvenær tekst mér að beygja pau

undir minn vilja og hvenær gefast pau upp eru vafalaust setningar sem hafa flogið í gegnum huga hennar, í einhverri mynd, á hverjum degi.

Breytingar í rétta átt

Þessar breytingar höfðu mikil og góð áhrif í rétta átt. En góðir hlutir gerast hægt og afskaplega lítið þarf til að allt fari aftur um fjölmörg skref. Sem dæmi má nefna að hún hefur verið mjög hamingjusöm í leikskólanum frá því að hún byrjaði þar. Í haust ákváðum við að lengja plássíð hennar um klukkustund og gekk það glymrandi vel til að byrja með. Hún var hamingjusöm með að fá að leika sér lengur með krökkunum, en svo fór fljótlega að bera á óánægju hjá henni og það fór að byggjast upp streyta í tengslum við leikskólann. Eftir heilmikla yfirlegu áttuðum við okkur svo á því að klukkutíminn frá klukkan 3 til 4 reyndist henni ofviða, þá voru foreldrar að koma og sækja börnin sín, það var meira rót og erill á deildinni og streitan hlóðst upp hjá henni. Ætli mamma og pabbi komi ekki örugglega og sæki mig? Er vafalaust hugsun sem hefur skotið upp í kollinum á henni nokkrum sinnum á þessum klukkutíma. Þegar okkur varð þetta ljóst var tímanum breytt aftur í snarhasti og unnið í því að breyta dagskipulaginu. Á örfáum dögum var stúlkan okkar aftur hamingjusöm og glöð með leikskólann sinn og tók á móti okkur eftir daginn brosandí út að eyrum. Þetta sýnir greinilega hversu brothætt hún er. Við höfum því áttað okkur á því að við tókum að okkur mjög krefjandi verkefni en um leið afskaplega gleðilegt og gefandi. Að sama skapi höfum við gert okkur grein fyrir því að þetta er verkefni sem aldrei lýkur og við komum til með að þurfa að laga okkar líf að hennar þörfum um ókomin ár.

Þegar við höfum á stelpuskottið okkar vinna hvern persónulega sigurinn á fætur öðrum áttum við okkur á því að allar þessar vökunætur og erfiðu dagar hafa orðið henni og okkur til góðs.

Ingibjörg Magnúsdóttir,
móðir 4 ára sigurvegara.

Tækniþrif ehf.

Fyrirtækjapjónusta


586-1465, 866-4774 og 895-0515

magoo@simnet.is

Önnumst öll dagleg þrif á fyrirtækjum og stofnunum og einnig á hátæknibúnaði.

Fagmennska okkar byggist á því að gera kröfur um gott hreinlæti.

Jólaböll sunnan og norðan heiða



Ingibjörg Símonardóttir talmeinafræðingur hélt erindi á málþingi ÍÆ í vetur um málproska ættleiddra barna og kom þar margt athyglisvert fram. Ólöf Ýrr Atladóttir og Þórdís Ívarsdóttir tóku viðtal við Ingibjörgu fyrir blaðið.

Ingibjörg er amma Ingibjargar Embla Min Jónsdóttur, sem kom hingað frá Kína 16 mánaða gömul í mars 2004. Ingibjörg er upprunalega grunnskólakennari frá Kennaraskóla Íslands. Hún stundaði framhaldsnám í Bandaríkjunum í mál- og talþjálfun fyrir börn með sértæk þroskafrávik og fór í framhaldi af því til Svíþjóðar þar sem hún lauk réttindaprófi í talkennslu/talmeinafræði. Ingibjörg hefur einnig lokið BA prófi í almennum málvísindum og fjallaði lokaritgerðin um samband lestrar og málproska og meistaraþrófi frá Kennaraháskóla Íslands, fjallaði meistaraþrófsverkefnið um áreiðanleika og réttmæti íslenskrar staðfærslu málþroskaprófsins TOLD-2P.

Fyrir utan almenna kennslu og sérkennslu á öllum skólastigum hefur Ingibjörg unnið sem talmeinafræðingur hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins í Kjarvalshúsi og síðustu átta ár sem talmeinafræðingur í leik- og grunnskólum Garðabæjar.

Ingibjörg þýddi og staðlaði ásamt Sigríði Pétursdóttur, talmeinafræðingi málþroskaprófið Told-2P. Hún er einnig meðhöfundur að hönnun og stöðlun tveggja annarra málþroskakannana fyrir börn; HLJÓM-2 sem lagt er fyrir börn í elsta árganginum í leikskólum og EFl sem er notað af hjúkrunarfræðingum við heilsufarslega skoðun þriggja og hálfs árs barna.

Þú hefur lengi unnið með börn með frávik í máltöku og haft mikinn áhuga á tengslum málproska og lestrar. Hvernig skýrirðu þessi hugtök: máltaka, málproski?

Máltökuskeið er það tímabil í lífi barns þegar það er að ná fullri leikni í notkun móðurmáls síns. Yfirleitt er þá miðað við að það standi fram að unglingsárum. Málproski barnsins á þessum árum eykst og breytist eftir aldurstigum alveg eins og aðrir þroskættir.

Hvað varðar tengsl lestrar og málproska þá var mjög algengt fram undir 1980 að setja samasemmerki á milli greindar og lestrarfærni. Rannsóknir seinni tíma hafa hins vegar sýnt að aðeins um 1% barna eiga í erfiðleikum með að læra að lesa vegna greindarskorts. Stærsta undirliggjandi orsökina eru frávik á ýmsum sviðum málþroskans og er þá oftast nefnd til slök hljóðkerfisvitund.

Hljóðkerfis- og hljóðvitund er hluti

af okkar málmeðvitund. Sýnt hefur verið fram á að börn þekkja rödd móður sinnar strax í móðurkviði og tengist það hljóðvitundinni. Á bablstiginu framleiðir barnið mun fleiri hljóð en finnst í hljóðkerfi tungumáls þess en smám saman verða eingöngu hljóðin í tungumálinu eftir. Kínverjar eiga t.d. mjög erfitt með að greina á milli /r/ og /l/ í erlendum málum en /r/ hljóðið finnst ekki í kínverskum mállýskum. Talað er um að hljóðkerfisvitundin fari að þróast markvisst hjá barninu um og eftir tveggja ára aldur og sú þróun heldur áfram eftir að það lærir að lesa. Þetta þýðir að við tveggja til þriggja ára aldur eru börn yfirleitt komin með góða undirstöðu til að tileinka sér tungumálið sem þau alast upp við. Aldurinn fjögurra til sex ára er síðan mjög mikilvægt næmisskeið. Börnin eru þá að verða mjög meðvituð um uppbyggingu móðurmáls síns og reglur sem um það gilda. Einnig má bæta við að við fjögurra ára aldur erum við talin vera komin með 50 % af námshæfni okkar.

Hver eru helstu vandamálin við máltöku sem ættleidd börn geta lent í?

Það skiptir verulega miklu máli hvernig atlæti og örvun barnið hefur búið við fram að ættleiðingu og aldur barnsins við ættleiðingu skiptir líka miklu máli. Börn sem koma frá Kína eins og til dæmis Ingibjörg Embla sem kom í kring um 16 mánaða aldurinn eru komin með allvel þroskaða hljóðvitund fyrir sínu eigin tungumáli sem er jú gerólikt íslensku. Hljómfallið í kínverskumni litar oftast fyrstu tilraunirnar við að tjá sig á íslensku.

Rannsóknir sýna að börn ættleidd frá öðru landi á aldrinum 14 - 20 mánaða eiga góða möguleika á að ná aldursvarandi færni í nýja tungumálinu en börn sem eru ættleidd eldri en 36 mánaða eru í mikilli áhættu fyrir langvarandi málþroskaerfiðleika.

Hafa ber í huga að við komuna til nýja landsins þurfa börnin að „kasta burt“ þekkingu sinni á málkerfinu sem þau hafa alist upp við og þeim orðaforða sem þau hafa náð og byrja að læra allt aftur frá grunni. Þess vegna er ósköp eðlilegt að það verði seinkun þarna á þessu stigi og þar að auki liggur misjafnlega fyrir mönnum að læra tungumál.

Málproska barna er oft myndrænt líkt við ísjaka. Það sem upp úr stendur er það sem við heyrum og sjáum en við vitum ekki hvernig grunnurinn, mikilvægasti hlutinn, lítur út. Eins og ég sagði áðan er grunnurinn að málproska barnsins lagður strax við fæðingu. Ef við höldum áfram með ísjakalíkinguna þá má segja að ættleidd börn byrji í raun og veru í vatnsyfirborðinu þegar þau koma og það sem liggur undir yfirborðinu, grunnurinn sem önnur íslensk börn jafnaldra eru búin að tileinka sér á þeim

tíma sem liðinn er frá fæðingu, hann er ekki til staðar.

Íslenska er mjög erfið bæði hvað varðar hljóðfræði og beygingar- og merkingarfræði og það er auðveldara að læra orð og hugtök ef þú skilur innri merkingu þeirra. Hugsum okkur t.d. orð sem eru sett saman úr tveimur eða fleirum orðum. Börn verða að þekkja merkingu orðanna til að skilja samsetta orðið. Undirbúningur að þessari þekkingu drekka börn vanalega í sig með móðurmjólkinni og með því að fylgjast með umhverfinu löngu áður en þau byrja að tala að einhverju ráði. Þau heyra orð og setningar eins og hljóðarunur til að byrja með en læra svo smám saman að greina merkinguna. Það skiptir því mjög miklu máli hvernig við hjálpum ættleiddu börnunum okkar til að treysta grunninn sem þau eiga að byggja tungumálið sitt á. Þau detta ekki bara inn í samfélagið og læra málið! Sum börn þegja fyrst eftir að þau skipta um umhverfi, eins og til dæmis Ingibjörg Embla, hún þagði mjög lengi og var þá bara að vinna úr því sem hún heyrdi.

Alveg fram að þessu hefur tilhneigingin verið sú að álíta sem svo að börn frá öðrum málsmáfélögum falli bara inn í samfélag okkar og læri málið, þetta bara komi smám saman. Til þess að ná aldursvarandi málþroska þurfa börnin að læra að hugsa á íslensku og tjá sig á íslensku. Þetta gera þau best í leik með öðrum börnum með víðeigandi stuðningi frá fullorðnum. Við búum að góðum leikskólum á Íslandi með frábæru starfsliði. Það sem snýr að leikskólanum fyrir utan almenna málörvun er að koma þessum börnum í samskiptaleik við önnur börn, því að það er staðreynd að ef barn getur ekki tjáð sig á málinu sem talað er í kring um það þá hefur það neikvæð áhrif á hegðun þess. Ef þau fá ekki hjálp við að hlusta og vinna úr því sem þau eiga að heyra þá kemur að því að þau hætta að stoppa við og hlusta vegna þess að þau eru búin að gefast upp á því að skilja þessar hljóðarunur sem skella á eyrum þeirra. Og svo tölum við Íslendingar yfirleitt svo rosalega hratt. Annað sem þarf líka að hafa í huga er að ofmeta ekki íslenskukunnáttu barnanna. Þótt barn geti gert sig skiljanlegt á íslensku er alltof oft eingöngu um yfirborðskunnáttu að ræða samanber ísjakalíkanið áður nefnda.

Kunnáttan undir yfirborðinu, grunnur tungumálsins, ristir nefnilega oft ekki mjög djúpt. Börnin eru ofmetin af því að þau tala þjá íslensku. Það gleymist að taka með í reikninginn að þau eiga í miklum erfiðleikum með að skilja það sem er í gangi og til hvers er ætlast af þeim. Þau vantar hugtakaskilning og hugtakaskipulag. Ég var nýlega á námsstefnu þar sem rætt var um máltöku einhverfa barna og barna með málþroskaraskanir. Fyrirlesarinn

benti á að til þess að geta lært orðin bíll og flugvél þá þarftu í raun að skilja að þetta eru hlutir sem maður ferðast í. Það þarf að hafa þetta yfirhugtak í kollinum til þess að geta skilið undirhugtökin. Sama er að segja um orðin hnifur og gaffall, þú þarft að skilja að þetta eru áhöld í eldhúsi til þess að geta tileinkað þér orðin.

Nú áttu ættleidda dótturdóttur, hefurðu upplifað eitthvað af þessum atriðum hjá henni?

Ingibjörg Embla er núna rúmra fjögurra ára og búin að vera hjá okkur í tæp þrjú ár. Kínverski hreimurinn heyrðist hjá henni fyrst framan af og erfiðleikar við hljóðúrvinnslu birtust oft í sköndnum tilsvörum. Sem dæmi má nefna þegar hún var kynnt fyrir frænda sínum Sigga og konu hans Ute þá sagði hún bara „nehei“ Hún hafði sko lært Sigggi var úti og það var allt annað. Núna tel ég hana standa vel í málproska miðað við jafnaldra.

Hún var lengi að læra litina. Appelsínugulur, rauður og blár, þetta sagði henni ekkert. Sennilega síast hugtakaskilningur af þessu tagi smám saman inn í grunninn undir yfirborðinu í gegnum almenna umræðu. Börn fá snemma óbeina kennslu í nöfnum litanna í gegnum samræður og leik; „Hvar er guli bíllinn?“ „Náðu í rauðu húfuna pína!“

Allt það sem börnin þurfa að læra á árunum eftir að þau koma heim er eitthvað sem kemur til með að endurspeglast seinna í því sem þau þurfa að kunna. Þessum grunni verða þau að ná mjög hratt og ef þau ná honum seint eða illa þá kemur það til með að há þeim seinna í námi. Það er því mjög mikilvægt að vinna upp forskotið sem jafnaldrar þeirra hafa á þau.

Hvað geta foreldrar gert til þess að efla grunnskilning barnanna á móðurmálinu?

Ég held að mikilvægast sé að foreldrar taki það ekki sem sjálfgefið að barnið viti og skilji. Foreldrar þurfa að muna að sextán mánaða barnið sem það fær í hendurnar er aftur á byrjunarreit í máltökunni og það þarf að fá að snerta alla reitina til að ná markinu. Þetta þurfa foreldrar líka að hafa í huga þegar þeir tala við barnið. Það segir enginn við barn við upphaf máltöku: „Viltu djús að drekka, elskan mín“. Þá eru það látbragð, bendingar og stök orð sem gilda. Það er líka mikilvægt að strax frá upphafi séu sett nöfn á mikilvægustu hluti og persónur í lífi barnsins. Eins er mikilvægt að tala á einföldu máli um hvað sé verið að gera samhliða því að verið er að framkvæma daglegar athafnir. Og eins og alltaf í samskiptum við börn þarf að passa að tala ekki of hratt. Semsé hæfilega málgladdir foreldrar eru líklegri til að hafa örvasandi áhrif á málproska barna sinna en þeir sem lítið tala. Það skiptir líka miklu máli að vera í



augnhæð við barnið þegar talað er við það, þannig að það sjái hvernig talfærin hegða sér. Það auðveldar barninu að læra framburðinn. Íslensku orðin eru allt öðruvísi tunguleikfimi en orðin í fyrri málinu sem þau hlustuðu á. Það á ekki að þurfa að nefna mikilvægi þess að skoða með barninu bækur og „lesa“ (einfalda og endursegja) fyrir það. Svo þarf fólk auðvitað að gera sér líka grein fyrir því hvað er viðeigandi færni hjá barni á ákveðnum aldri svo að ekki sé verið að gera of miklar – eða of litlar kröfur til barnsins.

Heldurðu að það séu einhver atriði í sambandi við máltöku og málproska sem foreldrum hættir til að hafa of miklar áhyggjur af?

Almennt séð þá hafa foreldrar oft of miklar áhyggjur af framburði barna sinna en ættu frekar að gefa því gaum hvernig og um hvað börnin tjá sig. Það er mjög gott að vera meðvitaður um hvaða málhljóð koma síðust, og vera þá ekkert að hafa áhyggjur af því þótt að /r/, /s/ eða /p/ sé ekki komið við þriggja, fjögurra ára aldur. Æskilegast er að við fjögurra ára aldur geti barn gert sig skiljanlegt í samilega góðum og þokkalega vel upp byggðum setningum. Ef barnið er hins vegar á þessum aldri illskiljanlegt með fjölbreytt framburðarfrávik, lítinn orðaforða og rýra setningamyndun þá er ástæða til að hafa áhyggjur. Hvað varðar ættleidd börn þarf auðvitað að taka í taumana fyrr ef framfarir virðast hægari en búast mætti við. Það á ekki að bíða og sjá til! Þá skiptir miklu máli að gott samstarf sé á milli foreldra og leikskólafagfólks.

Hvaða þjónustu ætti að veita foreldrum ættleiddra barna varðandi málproska?

Foreldrar ættleiddra barna þurfa að eiga kost á reglubundnu eftirliti þar sem fylgst er með hvernig proskaframvinda barnsins gengur og þar sem þeir fá líka nauðsynlega ráðgjöf. Þá er ég að tala um uppeldisfræðilega ráðgjöf, ráðgjöf frá talmeinafræðingi, iðjupjálf, sjúkráþjálfara, félagsráðgjafa, allt eftir þörfum. Reglubundin skoðun á heilsugæslustöðvum nægir ekki, enda er þar aðallega um heilsufarslegt eftirlit

að ræða. Við 3 ½ árs aldur eru börnin jafnframt málproskaskimuð en það er of seint þegar um er að ræða ættleidd börn. Í raun og veru ætti að bjóða öllum foreldrum ættleiddra barna upp á að fylgst sé með málproska barnanna frá upphafi þannig að talmeinafræðingur sé fenginn til að leggja mat á málproska barnsins þegar það er búið að vera hér einhvern tíma. Þá er hægt að meta hvort allt gangi eins og eðlilegt er eða hvort það þurfi að grípa inn í. Þetta gildir reyndar ekki bara um ættleidd börn, það gildir líka um önnur börn af erlendu þjóðerni sem setjast hér að. Bið eftir talþjálfun er 8 - 10 mánuðir og ættleidd börn hafa þar engan forgang. Svipaður biðtími er sennilega eftir iðju- og sjúkráþjálfun. Sem betur fer þá virðast þau ættleiddu börn sem hingað koma yfirleitt ekki lenda í áberandi vandæðum en reyndar er mér ekki kunnugt um að gengi þeirra hafi verið kannað markvisst.

Að fenginni reynslu þinni, í sambandi við Ingibjörgu Emblu og það sem þú hefur verið að kynna þér að undanförunu, heldurðu að það væri áhugavert að ráðast í einhverjar rannsóknir á þessu sviði?

Ég held að það væri mjög áhugavert og líka mjög nauðsynlegt. Bandarísk kona, Dr. Sharon Glennen sem er með forstöðu fyrir málrannsóknastöðinni í Towson háskóla í Baltimore hefur ásamt öðrum vísindamönnum sem hún er í sambandi við rannsakað mikið máltöku ættleiddra barna, einkum frá Rússlandi, Kína og Suður-Ameríku. Hún hefur sjálf ættleitt tvö börn frá Rússlandi. Ég hitti þessa konu þegar ég fór í námsferð til Baltimore í maí fyrir tæpu ári. Það var mjög fræðandi fundur því að þessar rannsóknir hafa leitt margt áhugavert í ljós. Hér heima er alveg kjörin aðstaða til þess að gera svona rannsóknir. Hægt er að taka heilu hópana frá ákveðnum löndum, meta þau þegar þau koma, og fylgjast síðan með þeim í ákveðinn árafjölda. Tilgangurinn með rannsókninni væri þá jafnframt að reyna að átta sig á því hvort það eru einhver ákveðin atriði sem þarf að gefa meiri gaum en öðrum upp á að vel takist til. Það gæti líka verið fróðlegt að kanna hvort það er munur á því eftir þjóðlöndum og/eða tungumálaumhverfi hvernig ættleiddum börnum gengur að ná íslenskunni og þá hvort eða hvernig hægt er að hafa áhrif á árangurinn.

<http://pages.towson.edu/srglennen/index.htm>.

Eins og fram kemur annarsstaðar í þessu fréttabréfi hélt Ingibjörg áhugaverðan fyrirlestur á málþingi Íslenskrar ættleiðingar 25. nóvember síðastliðinn. Það væri óneitanlega akkur í því að fagleg þekking Ingibjargar og persónuleg reynsla nýtist til rannsókna á þessum mikilvæga en oft vanmetna þætti í proska barnanna okkar. Við biðum bara og vonum.

Maður er manns gaman

Starf skemmtinefndar Íslenskrar ættleiðingar er í fullum gangi og reynt hefur verið að hafa dagskrána sem fjölbreyttasta í vetur. Hér verður stiklað á stóru í starfsemi síðasta árs og sagt frá starfsemi og viðburðum skemmtinefndarinnar það sem eftir lifir vetrar.

Útilegan 2006

Útilega ÍÆ var að Reykhólum í Austur-Barðastrandasýslu helgina 7.-9. júlí síðastliðinn. Þrátt fyrir að skemmtinefndin hafi eytt drjúgum tíma í samningaviðræður við veðurguðina var veðrið ekki eins og við hefðum helst kosið og einkenndist af sérlega blautum rigningarslettum, sterkum vindhviðum, smávegis sólarglennu, einhverjir kvörtuðu jafnvel yfir kulda. Veðrið kom þó ekki í veg fyrir að fólk skemmti sér og höfum við ekki heyrt annað en að almennt ánægja hafi verið með helgina.

Í Reykhólaskóla höfðum við afnot af eldhúsi með uppvottaaðstöðu, snyrtingu, ípróttasal, matsal og eiginlega hverju því sem á þurfti að halda. Tjaldbúðir risu allt í kringum skólabyggunguna, við kirkjuna og jafnvel við sundlaugina, gisting í Reykhólaskóla var fullnýtt, sem og aðrir gistimöguleikar í nágrenninu.

Dagskrá helgarinnar var með svipuðu móti og undanfarin ár en reynt er að hafa hana sem fjölbreyttasta og við hæfi allra aldurshópa.

Aðaldagskráin var á laugardegnum þar sem fólk kemur sér yfirleitt á svæðið á föstudeginum og drjúgur tími fer í frágang á sunnudeginum. Boðið var upp á andlitsmálningu, skemmtilegan hoppukastala, ratleik þar sem áherslan var á leikni og skemmtun, pylsuveislu og að sjálfsgöðu var börnum boðið á hestbak. Þess má geta að Kjarnafæði á Akureyri gaf pylsur til veislunnar og eiga að sjálfsgöðu góðar þakkir skildar. Góð aðstaða á leikskóla Reykhóla dró að sér yngri börnin og þar mætti hinn sívinsæli Nammikarl og sá um að þeyta pokum af orkunammi og sælgæti til barnanna. Söngstund er alltaf fastur liður í útilegunni og var ekki breyting á því í ár. Ennfremur var gerð tilraun til hinnar árlegu hópmyndatöku með misjöfnum árangri. Kveikt var upp í útigrillum um kvöldið og nutu margir þess að borða innan dyra í sameiginlegri grillveislu og spjalla saman fram eftir kvöldi. Dagskrá laugardagsins lauk með sveitaballi í ípróttasal skólans þar sem gestir dilluðu sér við dúndrandi tónlist fram eftir kvöldi.

Það er mat skemmtinefndar að útilegan hafi verið vel heppnuð og vel sótt. Þrátt fyrir að veðrið væri ekki hið ákjósanlegasta skemmtu sér saman börn og foreldrar í góðu skapi og með góðum félögum. Og það er einmitt tilgangur útilegunnar.

Útilega ÍÆ árið 2007 verður haldin að Húsabakka í Svarfaðardal helgina 20. - 22. júlí og því er ekki úr vegi að taka strax frá þessa helgi. Að þessu sinni verður undirbúningur og umsjón útilegunnar í höndum félaga ÍÆ á Norðurlandi. Undirbúningsnefndin fyrir norðan hvetur félagsmenn á því svæði til að taka þátt í skipulagningu og undirbúningi helgarinnar og hafa samband á netfangið bir@simnet.is.

Vetrardagskráin

Vetrardagskráin hefur einkennst af skemmtun, hreyfingu og spjalli. Þar sem langt er liðið á veturinn þegar þetta blað kemur út, er hér aðeins stiklað á stóru um þá viðburði sem í boði verða og þá sem liðnir eru.

Skemmtinefndin hefur ákveðið að hver fjölskyldustund hafi ákveðið þema sem geti höfðað til ólíkra aldurshópa. Við höfum gert ýmislegt í vetur. Snemma í haust kíktum við á Ylströndina í Nauthólsvíkinni í dásamlegu veðri þar sem börnin okkar suluðu í vatninu. Föndruðum úr haustlaufunum í október, dönsuðum á furðufataballi í nóvember, máluðum piparkökur í desember og endaði árið á hinu sívinsæla jólaballi. Í janúar kíktum við svo í sund í fimbulkulda og í febrúar vorum við að hnoða, leira og lita.

Þar sem algengt er að þátttaka minnki eftir því sem börnin eldast, langaði okkur að prófa að kalla til bíóferðar og keilufærðar í vetur og vonum að það vekji áhuga eldri barnanna. Bíóferðin var í október og ætlum við að hittast í keilu í mars. Við höldum einnig tvö spjallkvöld þar sem við foreldrarir og verðandi foreldrar hittumst og ræddum okkar hugðarefni, þ.e. börnin okkar, bárum saman bækur okkar og miðluðum af þekkingu okkar og reynslu til annarra og lærðum af öðrum. Á fyrra spjallkvöldinu var rætt um biðtímann og á seinna spjallkvöldinu ræddum við um tímann eftir heimkomu barnsins.

Þess má einnig geta, að nokkur börn hafa hist með foreldrum sínum í Árbæjarsundlaug og er öllum frjálst að slást í hópinn á fimmtudögum kl. 16.

Eins og síðastliðinn vetur, býður Hreyfiland afnot af aðstöðu sinni við Stangarhyl í Reykjavík. Fram til áramóta var aðstaðan í boði Hreyfilands en leigir nú ÍÆ aðstöðuna einu sinni í mánuði. Skemmtinefnd hefur milligöngu um þetta tilboð en það er að öðru leiti ekki á vegum skemmtinefndar. Þessi nýbreytni hefur gefist vel þar sem börnin okkar geta hreyft sig, liðkað og spriklað í klukkutíma. Í vetur hittumst við fyrsta laugardag í mánuði og á nýju ári er tíminn frá 13-14 í stað 14-15 fyrir áramót. Við hvetjum alla til að mæta.

Að lokum

Í síðasta fréttabréfi ÍÆ auglýstum við eftir leikföngum til nota þegar við hittumst. Ef þið viljið leggja eitthvað

til má enn senda okkur upplýsingar og við getum nálgast gullin. Netfang skemmtinefndarinnar er nefndin@visir.is en þar er einnig hægt að skrá sig á póstlista til að fá sendar áminningar fyrir viðburði skemmtinefndar. Netfang póstlista á Norðurlandi er bir@simnet.is.

Við hvetjum ykkur til að fylgjast vel með á heimsíðu ÍÆ ef breytingar verða á dagskrá, tíma eða staðsetningu viðburða á vegum skemmtinefndarinnar. Hjálpið okkur að eiga skemmtilega stund með ykkur og verum dugleg að mæta og fönndra, leika og spjalla og umfram allt njóta samverustundanna hvert með öðru.

Norðurlandsdeildin

Norðurlandsdeildin er öflug og skipulagðir viðburðir eru alltaf einu sinni í mánuði. Það sem af er vetrar hefur verið farið í fjöruferð, ípróttadagur var í þelamörk, jólaföndur fyrir jólin, sem heppnaðist einstaklega vel og svo var auðvitað hefðbundið jólaball. Þess fyrir utan hittast mömmur og verðandi mömmur kvöld og kvöld og eiga huggulegar stundir saman við spjall. Á einn slíkan mömmuhitting kom sjúkrapjálfi og var með fræðslu um höfuðbeina og spjaldhryggsgjöfnun. Það var mjög fróðlegt og skemmtilegt.

Hægt er að sjá allar tímasetningar á heimasíðu ÍÆ. Mömmufundir eru ekki þar inni heldur er hóað saman með póstlistanum sem er í gangi hjá Norðurlandsdeildinni. Ef einhver vill komast á hann þá er bara að senda tölvupóst á bir@simnet.is og þið eruð komin inn. Biðlistafólk má endilega vera með, ekki síst á mömmufundunum.

Hlökkum til að hitta ykkur öll!

Skemmtinefndirnar.



Dagskráin framundan

10. mars, sleðaferð í Kjarnaskógi, Eyjafirði, með kakó og nesti.

17. mars, KFUM&K við Holtaveg (kjallari), kl. 10 - 12 páskaföndur.

25. mars, Keiluhöllin, kl. 15 - 17, börn keppa við foreldra.

21. apríl, KFUM&K við Holtaveg (kjallari), kl. 10 - 12, málun og vatnslitun.

5. maí, Hreyfiland, kl. 13 - 14, leikfimi.

19. maí, Ylströndin í Nauthólsvík, kl. 10 - 12, skeljar og kuðungar.

12. maí, óvissuferð hjá Norðurlandsdeild, nánar auglýst síðar.

9. júní, Kjarnaskógur, grill.

10. júní, Furulundur í Heiðmörk, kl. 11 - 13, sumargrill.

20 - 22. júlí, Húsabakki í Svarfaðardal, frá morgni til kvölds., útilega.



Langt í fjarska er lítill fugl



Úr dagbókinni.

September 2004. Reykjavík. Ísland.

Hún kemur stundum til mín, lítill skotta, nýfarin að labba. Og í næstu svipbrá ung kona, rétt innan við þrítugt. Ég sé dökkt hárið. Finn stóru tilfinninguna. Hún kallar mig mömmu.

Ég las ljóðið aftur og aftur. Jónas hlustaði á mig endurtaka textann sem snerti nýjan og framandi stað í hjörtum okkar. Þetta var kvöld í september. Ljóðið úr bókinni Íslendingar. Ég fann hvernig spennan í líkamanum breyttist. Hvernig ég breyttist. Hvernig heimurinn minn allt um kring, hvernig lífið mitt breyttist. Það var einhvern veginn ekkert eins og áður. Og það yrði ekkert eins og áður. Þung spennan liðinna mánaða og ára léttist og léttist og varð einhvern veginn spennandi. Skrítið hvað eitt orð getur haft tvíráða merkingu. Tilfinningin svo allt önnur. Ég fann fyrir friði. Hvað þetta var rétt. Hvað þetta var rétt ákvörðun fyrir mig. Og fyrir okkur. Þegar allt kom til alls var kannski gott í okkar tilfelli að deildinni var lokað í fjóra mánuði. Þessi skelfilega lokun gaf okkur færi á að jafna okkur og finna einhverja ró.

Í hverjum mánuði hafði ég verið viss um að núna væri rétti tíminn. Núna var þetta komið. Ég var loksins orðin ófrísk. Ég fann fyrir öllum einkennunum, líkamegum sem andlegum. Ég varð aum í brjóstunum, lystarlaus og flökurleikinn greinilegur. Fann fyrir tilhlökkun, en bara í laumi. Tilhlökkun sem enginn fékk að vita af. Var meira að segja hætt að segja Jónasi frá því að hann ætti von á barni. Þetta var orðinn heimurinn minn, það var bara of snemmt að tilkynna hinum hvað væri í vændum. Öll litlu hugarfóstrin mín missti ég. Hvert

á fætur öðru, einu sinni í mánuði. Fann fyrir sorginni, en bara í laumi. Fyrstu dagana eftir að ég byrjaði á blæðingum var ég farin að vera mjög köld. Hleypti engum tilfinningum að og var töffari út á við. Þetta skyldi sko ekki fá að hafa áhrif á mig, hvaða fiðl var ég að halda að ég ætti von á barni? Rosaleg frekja var ég að ætlast til þess að þetta myndi bara ganga upp. Það væri ekkert sjálfsagt að verða ófrísk eins og ekkert væri, ég væri nýbyrjuð í þessu ferli þó að það hefði tekið mörg ár að finna út að ég yrði að vera stöðugt á lyfjum út af þessum hormónasjúkdómi og hefði hætt að þrjóna barnaföt í ágúst árið 2000 þá væri ég bara nýbyrjuð að reyna og...

Róaði mig aðeins. Reyndi að skella smá dass af því sem ég ályktaði skynsemi út í hrærigrautinn sem var kominn í marga snúninga í höfðinu á mér. Þetta myndi bara ganga betur næst. Eða þar næst. Minn tími var bara ekki kominn. Það væri lítið barn að biða eftir mér, það væri bara ekki alveg komið að þessu. En af hverju var ekki komið að þessu? Ég sem var eiginlega alveg viss núna? Ég sem var búin að telja út dagana. Finna út hvenær barnið átti að fæðast. Hvað það yrði gamalt á jölunum. Hvernig... og svo brast stíflan. Ég gat ekki hætt að gráta. Ég bara grét og grét og grét. Svo kom nýr mánuður. Mánuður með nýrri von.

Sársaukinn var sestur að heima hjá mér, lengst inni í hjartanu mínu. Smátt og smátt náði hann ekki lengur að vera bara í laumi. Það var erfitt en á sama tíma ómetanlegur léttir að leyfa vinum og vandamönnum að taka þátt í þessu tilfinningalega ferðalagi. Að verða tilbúin til að ræða hvernig

mér leið, hvernig okkur leið, svara spurningum um hvernig gengi og hver næstu skref okkar yrðu. Finna ástina og umhyggjuna allt í kringum okkur. Það var algjörlega ómetanlegur stuðningur. Það er svo flókið að syrgja eitthvað sem hefur ekki einu sinni verið til. Horfa á heimsmynd manns og sjálfsmynd teygjast og sveigjast og breytast fram og til baka og hafa samt enga stjórn á hvernig hún endar þegar allt kemur til alls. Og þó. Var lífið ekki bara miklu stærra? Vorum við ekki bara föst á sama stað? Við höldum áfram að lesa ljóðið, aftur og aftur. Spegla tilveru okkar og tilfinningar í hverri setningu fyrir sig. Og í ljóðinu í heild.

Mariuerlan

*Vorsins birta merlar mild
og morgunsólin skín,
sunnangolan vermir vanga,
vetrarkviðinn dvín,
langt í fjarska er lítill fugl
á leiðinni til mín.*

*Fuglinn ber í heitu hjarta
heilög tryggðarbönd,
friðlaus hann á flugi sínu
fer um ókunn lönd,
heldur út á hafið breiða
heim að Íslands strönd.*

*Enginn skilur þessa þrá
sem þig til landsins ber
þar sem úthafs þunga aldan
þvær hin auðu sker.
Er það til að byggja bú
í birkitrénu hér?*

*Ég horfi út á hafsins brún
og hugsa oft til þín,
þegar morgunblikan bjarta
breiðir vorsins lín,
langt í fjarska er lítill fugl
á leiðinni til mín.*

Hákon Aðalsteinsson.
Úr bókinni Íslendingar eftir Sigurgeir
Sigurjónsson og Unni Jökulsdóttir.

Vangaveltur okkar og tilfinningar síðustu mánaða og ára smullu smátt og smátt saman. Heimsmynd okkar og sjálfsmynd varð skýrari og skýrari, uns við upplifðum myndina svo ljóslifandi og undurfallega. Langt í fjarska er lítill fugl, á leiðinni til mín. Þetta var myndin okkar. Auðvitað!!! Þetta kvöld tókum við þá yndislegu ákvörðun að ætla að ljóðið barn - frá Kína. Barnið okkar.

19. mars 2006. Guangzhou. Kína.

Hún er komin til mín. Lítil skotta, nýfarin að labba. Ég sé dökkt hárið. Finn stóru tilfinninguna. Horfi í fallegu augun. Snerti litlu tærnar. Knúsa hana og kyssi. Takk kæra líf.

Ingibjörg Valgeirsdóttir.

Hugleiðingar um sorgina

Það hafa allir kynnst sorginni á einn eða annan hátt. Sorgin gerir ekki greinarmun á háum eða lágum og hún á sér margar birtingarmyndir.

Sorgin er ekki eingöngu tengd missi heldur einnig sjúkdómum, fötlun og ýmsum áföllum og vonbrigðum í lífinu. Margir sem ættleiða börn þekkja sorgina vel, sorgina að horfa á eftir því sem aldrei varð. Ættleidd börn mörg hver kynnst líka sorginni, þau geta einnig syrgt það sem ekki varð, en það er efni í aðra grein.

Eigin reynsla

Mig langar til að byrja á að tala út frá eigin reynslu. Þegar ég glímdi við þá tilfinningu að geta ekki eignast börn eftir hinni svokölluðu „venjulegu leið“ þá upplifði ég sorg. Þá hófst ákveðið sorgarferli. Eftir ákveðinn tíma sá ég ættleiðingu sem okkar leið sem leiddi til þess að við fórum til Indlands og náðum í eldri dóttur okkar hana Birtu Rut. Við vorum ekki búin að vera foreldrar lengi þegar við tókum þá ákvörðun að sækja um annað barn og hófum það ferli um leið og við höfðum leyfi til. Þegar ferlinu lauk hér heima og allir pappirar voru farnir út biðum við spennt eftir mynd. Loksins kom myndin og það var mikil gleði þegar við áttum orðið mynd af Ratchaitu eða Söru Björk. Nú var bara að biða. Allir sem búa að þessari reynslu vita að eftir að myndin er komin verður barnið svo miklu raunverulegra. Frá þeim degi sem myndin kom í hús þá varð hún okkar. Því miður gerðist það að vírus sem gekk á barnaheimilinu þetta sumar dró hana til dauða ásamt fleiri börnum. Viðbrögð mín við að fá að vita að hún væri dáin komu mér á óvart. Ég fylltist mikilli sorg og grét mikið. Hún var orðin dóttir mín þó að ég hefði aldrei haldið á henni. Ég syrgði það sem aldrei varð. Hún sem átti að verða hluti af okkar heild var horfin.

Það liðu þrjár vikur þangað til við fengum aðra mynd. Sökum fyrri reynslu þá fann ég að ég var lengur að tengjast þeirri mynd ef maður getur sagt sem svo. Ég var hræddur að þurfa að upplifa sömu sorg aftur. Það gekk allt vel og við náðum í þriðju dóttur okkar hana Hönnu Björk spræka og káta rétt fyrir jól það sama ár.

Sorgarviðbrögð

Sorgin sem hver og einn hefur gengið í gegnum byggir á mismunandi reynslu. Við skulum ekki gera lítið úr sorg annarra þótt okkur finnst ekki alltaf tilefni til, það er ekki okkar að meta tilfinningar og upplifun þeirra.

Í gegnum starf mitt sem prestur sé ég hinar ýmsu birtingarmyndir sorgarinnar. Það er mismunandi hvernig hver og einn bregst við. Sorg er ekki ein tilfinning heldur ferli sem tekur mislangan tíma að komast í gegnum. Það er mismunandi hvað fólk upplifir á tilfinningaskalanum. Sorgarviðbrögð eru oftast bæði andleg vanlíðan og líkamleg.

Mig langar til að nefna nokkra algenga þætti sem sorgarferlið skiptist niður í.

Doði er einn af þessum þáttum og má kannski líkja því við þau líkamlegu viðbrögð sem líkaminn sýnir þegar sársauki verður óbærilegur. Þá framkallar líkaminn efni sem dregur úr mesta sársaukanum. Þetta er eins með andlegu hliðina. Sársaukinn við missinum eða áfallinu verður svo mikill að doðinn getur hjálpað einstaklingum að komast í gegnum fyrstu dagana. Tilfinningalegt uppnám eins og mikil reiði t.d. er annað stig í þessu ferli. Reiðin getur beinst að einstaklingum eða atburði og hún getur blossað upp án minnsta fyrirvara og það er oft erfitt fyrir þá sem eru í kringum viðkomandi að takast á við þessa miklu reiði.

Sektarkennd er önnur tilfinning sem margir glíma við og hér leita mörg ef-in á hugann. Ef ég hefði getað. . . , ef viðbrögð mín hefðu verið. . . ef þetta hefði bara ekki komið fyrir mig. . . af hverju ég. . . ?

Þunglyndi er svo enn einn þátturinn og þá er hættu á að fólk einangri sig. Því finnst oft sem enginn skilji hvað það er

að ganga í gegnum. Á þessu stigi er mikilvægt að hafa gott stuðningsnet í kringum sig. Fjölskyldu og trausta vini sem gefast ekki upp á einstaklingnum.

Hafa ber í huga að þessi einkenni koma ekki koll af kolli heldur eru þau samofin. Allt hefur sinn tíma eða eins og segir í orðskviðunum 3. kafla 1. versis: „Öllu er afmörkuð sín stund og sérhver hlutur undir himninum hefir sinn tíma. Að fæðast hefir sinn tíma og að deyja hefir sinn tíma“ og svo síðar í sama kafla segir. . . „að gráta hefir sinn tíma og að hlæja hefir sinn tíma“.

Erfiðar tilfinningar

Í gegnum kynni mín af foreldrum ættleiddra barna sé ég að margir eiga sameiginlega reynslu í endurteknum missi. Fólk þræði að eignast „eigið“ barn og leitaði ýmissa ráða til þess. Margir hverjir grétu fósturlát aftur og aftur eða getnað sem ekki varð.

Þessi endurtekni missir leiðir oft til þess að fólk festist í sorginni og geri hana ekki upp. Óuppgerð sorg getur síðan leitt til þunglyndis eða skapað mikla innbyggða reiði. Það getur haft mótandi áhrif á allt okkar líf og gerðir jafnvel án þess að við gerum okkur grein fyrir því.

Það er hægt að byrgja slíkar tilfinningar inni í einhvern tíma en að lokum kemur að uppgjöri.

Margir foreldrar ættleiddra barna sem hafa glímt við langvarandi sorg upplifa sérkennilega tilfinningu. Þegar ættleidda barnið er komið í hendur foreldra sinna/foreldris, halda margir, bæði foreldarnir sjálfir og ættingjar eða vinir að það sem áður var sé gleymt. Það er því erfitt og sársaukafullt að endurupplifa allt í einu sorgina sem áður var til staðar. Þegar sorgin er óuppgerð eru þetta eðlilegar tilfinningar.

Lokaorði

Það er mjög mikilvægt að fólk fái að taka sinn tíma í sorgarferlinu og það er hvorki hægt að hraða ferlinu né slá því á frest. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir þá sem eru í kringum einstakling í sorg að vita að sorgarferlinu verða ekki sett tímamörk.

En vonin felst í því að við munum sjá til sólar á ný.

**Sigfús Baldvin Ingvason,
prestur í Keflavíkurkirkju.**



Sigfús er nýkominn úr ferðalagi til Brasilíu þar sem hann ferðaðist með konu sinni Laufeyju og dætrunum Birtu Rut og Hönnu Björk.

Minningakassar



Ein aðferð til að varðveita minningar ættleidda barnsins eru svokallaðir minningakassar. Í ferðinni þegar þið náðið í barnið ykkar safnast upp ýmsir hlutir sem hafa tilfinningalegt gildi fyrir ykkur og barnið um ókomna framtíð. Hlutir sem ekki komast í minningabækur og albúm. Það er því sniðugt að safna þessum hlutum saman á einn stað, í fallegan kassa, sem hægt er að kíkja reglulega í með barninu sínu.

Í ferðalaginu er nauðsynlegt að halda til haga öllu því sem viðkemur barninu og á eftir að skipta máli seinna meir, hluti sem tengja barnið við uppruna

sinn.

Í okkar minningakassa er meðal annars fötin og skórnir sem dóttir okkar var í þegar við fengum hana í fangið, nafnspjaldið sem hún hafði á sér, kínverski passinn hennar, fjölskyldubókin okkar, fyrsta leikfangið hennar sem leiddi til fyrsta brossins, stimpill með kínverska nafninu hennar, skartgripir sem við keyptum handa henni, gjöf frá Civil Affairs Office í Nanchang og ýmsir aðrir smáhlutir sem okkur áskotnaðist í Kína og hafa sína sögu.

Kristín Valdemarsdóttir.

Skrapp

Skrapp (e. scrappbooking) eða minningabókagerð er tómstundagaman sem verður sífellt vinsælla hér á landi og er orðið þó nokkuð útbreitt. Skrapp gengur út á það að gera fallega umgjörð um ljósmyndir af dýrmætum augnablikum og merkjum atburðum og skreyta þær með frásögn og skrauti, sem annaðhvort tengist myndunum beint eða ekki. Flestir kjósa að gera bækurnar sínar úr þar til gerðum pappír sem hægt er að fá í miklu úrvali, mynstruðum eða einlitum og skreyta þær með hinum ýmsu fylgihlutum. Aðrir kjósa að gera síðurnar sínar í tölvu með myndvinnsluforriti. Sú aðferð er á ensku kölluð digital scrap eða tölvuskrap. Síðurnar er síðan hægt að prenta út á ljósmyndapappír og setja í albúm. Tölvuskrappið hefur ýmsa kosti fram yfir venjulegt pappírsskrapp. Það er oftast ódýrara, það þarf ekki að kaupa mikið til að geta gert fallegar síður og þar er líka hægt að nota hvern bakgrunn eins oft og maður vill. Auk þess er það fyrirferðarminna, bara slökkva á tölvunni þegar maður hættir og síðast en ekki síst þá er hægt að prenta út aftur og aftur ef litlar hendur skemma eitthvað óvart. Í tölvuskrappinu er hægt að finna mikið af efni á veraldarvefnum sem tengist ættleiðingum frá hinum ýmsum löndum, fallega bakgrunna og skrautmyndir til að gera síðurnar fallegar.

Skrappið er tilvalið til að gera fallega minningabók um ferðalagið til upprunallanda barna okkar. Þegar ég heyrði fyrst talað um skrapp, sem var áður en ég fór út til Kína að ná í eldri dóttur okkar hjóna, var ég strax ákveðin í að svona minningarbók ætlaði ég að gera fyrir hana þegar við kæmum heim. Í ferðinni til Kína var því öllu haldið

til haga sem viðkom ferðinni og hafði eitthvað minningagildi, flugfarmiðar, skemmtilegar umbúðir utan af ýmsu dóti sem var með fallegum kínverskum myndum á, smáhlutir sem maður sá og keypti með þetta í huga. Margar myndir voru líka teknar með það í huga að þær væru nauðsynlegar til að hafa í þessari minningabók. Það er því gott að hafa í huga þegar maður leggur upp í ferðalagið hvort maður geti hugsað sér að gera svona bók síðar meir. Því er um að gera að reyna að kaupa ýmsa smáhluti sem fallegt er að setja með frá upprunalandi barnanna og sem gefur minningabókinni meira gildi.

Sjálf er ég nú langt komin með að klára ferðasöguna okkar, en einhvern veginn er það svo að það er alltaf hægt að bæta við myndum og blaðsíðum. Ég hef byggt bókina þannig upp að ég hef gert eina síðu fyrir hvern dag í ferðinni og skrifað texta með sem lýsir hverjum degi fyrir sig. Síðan hef ég gert nokkrar síður um merka áfanga í samveru okkar, í fyrsta sinn í fangi mömmu og pabba, fyrsta baðið og einnig skemmtilegar myndir af hinum og þessum augnablikum í þessari eftirminnilegu ferð okkar. Nokkrar síður eru síðan með skemmtilegum myndum af samveru stelpnanna og foreldra í ferðinni.

Fyrir börnin er þetta skemmtileg bók til að rifja upp ferðina þar sem þau geta spurt hvað er að gerast á myndunum og upplifa ferðina í gegnum þær og söguþráðinn sem þeim fylgir. Í hvert skipti sem þau skoða ferðasöguna kemur eitthvað nýtt fram, nýjar spurningar og nýr skilningur á uppruna þeirra og ferðinni.

Flestar föndurbúðir selja allt sem til þarf til að gera fallegar minningabækur.



Úrvalið er mikið en því miður er ekki ennþá mikið úrval af skrappvörum sem tengjast ættleiðingarlöndum okkar. Mikið úrval má einnig finna af pappír og ýmsum skrautmunum á síðurnar á erlendum vefverslunum og auðvelt er að panta þaðan, má t.d. nefna www.scrapandtell.com.

Gísli V. Ólafsdóttir.

Lífsbækur

Í næsta blaði verður birt grein um lífsbækur sem Dána Sigurðardóttir vinnur fyrir blaðið. Þar verður lesendum kennt að gera lífsbók skref fyrir skref.

Margir sem komið hafa samferða heim til Ísland hittast og gera sér glaðan dag saman. Þessar myndir eru teknar við slík tækifæri.



Og svo er fundið annað tilefni.



Heimilismatur frá Bengal

Indland er risastórt land og skiptist í mörg fylki sem hvert um sig hefur sín sérkenni þegar kemur að mat. Kolkata er höfuðborg Bengal-fylkis og eru Bengalir frægir fyrir matargerð sína og matarást. Fiskur er þar í hávegum hafður og fullkomnar góða máltíð umfram allt annað að bera fram góðan fiskrétt. Bengalir taka ferskvatnsfisk fram yfir sjávarfang sem þeir segja að skorti sætleika. Ekki fer nú mikið fyrir hvítum fiski í

vötnum og ám hér á landi og gerum við okkur þessa sjóðregnu að góðu, hér eftir sem hingað til!

Allar þessar uppskriftir koma úr smiðju rithöfundarins og leikkonunnar Madhur Jaffrey sem fæddist og ólst upp í Delhi, en réttirnir eiga allir uppruna sinn í Bengal.



Fiskur í bengalskri sósu Maachher Jhol

800 g fiskur, ýsa, lúða eða þorskur
½ tsk. turmerik
½ tsk. salt
150 ml (2/3 bolli) grænmetisolía
1 msk. korianderduft
1 tsk. cuminduft
1 1/2 tsk. rifin engiferrót
1 tsk. turmerik
½ tsk. chilli duft (cayenne pipar)
½ tsk. salt
¼ tsk. nigella fræ (kalonji) *
4 þurrkaðir rauðir chillipiparbelgir
2 lárviðarlauf
1 stór laukur, saxaður frekar fínt
3 heilir ferskir grænir chillipiparbelgir

Fiskurinn nuddaður vel með ½ tsk. turmerik og ½ tsk. af salti og látinn standa í 10-15 mínútur.

Koriander, cumin, engiferrót, 1 tsk. turmerik, chilli duft og ½ tsk. salt sett í litla skál og 3 msk. af vatni hrært saman við.

Olían hituð á pönnu og fiskurinn brúnaður létt á báðum hliðum án þess að elda hann í gegn. Fiskurinn tekinn af pönnunni og settur til hliðar.

Öll olían tekin af pönnunni fyrir utan 5 msk. og hituð við meðalhita. Þá fara nigella fræin úti og stuttu seinna þurrkuðu chillipiparbelgirnir. Þegar þeir hafa dökknad örlítið fara lárviðarlaufin saman við og þegar þau hafa líka dökknad fer laukurinn saman við. Steikt þar til laukurinn hefur dökknad örlítið og þá er kryddmaukinu bætt út í og hrært saman í eina mínútu. Fiskurinn settur á pönnuna ásamt einum bolla af vatni. Græni chillipiparinn lagður ofan á fiskinn og látið sjóða við meðalhita í tvær mínútur og sósunni ausið yfir

fiskinn á meðan. Nú er pönnunni lokað og fiskurinn soðinn í 10-15 mínútur við vægan hita. Ekki borða piparbelgina nema vita hvað það þýðir! Þessi uppskrift er fyrir fjóra.

Ristaðar mung baunir með spínati Bhaja Moong Dal

1 bolli mung baunir (skinned moong dal) *
½ tsk. turmerik
1 lárviðarlauf
350 g spínat, stilkhreinsað og skorið í 2,5 sm breiðar ræmur
1 tsk. salt
½ tsk. chilli duft (cayenne pipar)
1 msk. ghee * eða grænmetisolía
½ tsk. panchphoran * eða cuminfræ
2 ferskir rauðir eða grænir chillipiparbelgir, skornir í 2,5 sm bita

Baunirnar eru skolaðar og perraðar. Þær eru síðan ristaðar á meðalheiti pönnu þar til þær eru orðnar rauðleitar, hrært stöðugt á meðan, síðan settar í skál, skolaðar nokkrum sinnum í vatni og settar í sigti.

Baunirnar fara í pott ásamt turmerik, lárviðarlaufi og 4 bollum af vatni. Hrært í á meðan suða kemur upp og soðið í hálflokuðum potti við vægan hita í 1 klst.

Spínat, salt, chilli (cayenne) og 2/3 bolli vatn sett út í pottinn og suðan látn koma upp. Soðið við vægan hita í lokuðum potti í 30 mín. og hrært einu sinni eða tvisvar í á meðan.

Ghee hitað í litlum potti og panchphoran sett úti. Þegar fræin byrja að poppa, nokkrum sekúndum seinna, fara rauðu eða grænu piparbelgirnir saman við, hrært einu sinni og síðan

hellt yfir soðnu baunirnar. Rétturinn er geymdur undir loki þar til hann er borinn fram. Þessi uppskrift er fyrir fjóra til sex og hentar með öllum indverskum mat eða einn og sér með soðnum hrísgrjónum.

Tómatmauk Timator Chutney

2,5 sm biti ferskur engifer, afhýddur
2 msk. grænmetisolía
½ tsk. panchphoran *
2 þurrkaðir rauðir piparbelgir
6 stórir hvítlauksgeirar, maukaðir
450 g saxaðir tómatar
1 tsk. salt
½ bolli sykurl
4-5 þurrkaðar apríkósar, skornar í 1 sm bita
2 heilir ferskir grænir chillipiparbelgir

Engiferinn skorinn í þunnar sneiðar og síðan í mjög litla ræmur.

Olía hituð við meðalhita og panchphoran hitað og látið poppa í nokkrar sekúndur. Rauður chilli úti, hrært einu sinni og síðan fer engifer og hvítlaukur saman við. Hrært í um 5 sekúndur. Tómatar, salt og sykurl sett saman við og soðið saman við meðalhita þar til maukið fer að þykkna. Þetta tekur 15 - 20 mínútur og þá fara apríkósar og grænu piparbelgirnir saman við. Soðið við lægsta hita í 10 - 15 mínútur. Borið fram við stofuhita. Ekki borða heila piparinn! Þetta mauk nægir handa sex manns. Það er gott með öllum indverskum mat en í Bengal er það borið fram á eftir aðalréttum og undan eftirrættum til að hreinsa bragðlaukana. Maukið er þá borið fram með stökku papadum-brauði.

Furðufataball



Einföld hrísgrjón Saday Chaval

2 bollar Basmati eða önnur löng hrísgrjón

Hrísgrjónin sett í skál, skoluð nokkrum sinnum í vatni og sigtuð. Lögð í bleyti í 5 bollum af vatni í hálf tíma og síðan látið leka vel af þeim.

Hrísgrjónin sett í pott ásamt 2 2/3 bollum af vatni og suða látin koma upp. Pottinum lokað mjög vel og soðið við vægan hita í 25 mínútur. Potturinn tekinn af hitanum og látinn bíða með hlemminn á í 10 mínútur.

Þessi skammtur nægir handa sex manns.

Orðaskýringar:

Nigella fræ (kalonji) - Þessi fræ eru stundum kölluð laukfræ. Þetta eru smá, táralaga svört fræ sem eru notuð alls staðar á Indlandi. Á norður-Indlandi eru þau stundum notuð í brauð og í Bengal eru þau mjög oft notuð í fisk og grænmetisrétti.

Ghee - Skirt smjör. Setjið ósaltað smjör (þetta í græna bréfinu) á pönnu og hitið við mjög vægan hita þar til hættir að krauma og hrærið mjög oft í. Þetta tekur um hálf tíma. Smjörinu er þá hellt í krukku í gegnum sigti og geymist þannig mjög vel í lokuðu íláti í ísskáp. Ghee ilmar eins og karamella og er frábært til að steikja upp úr vegna þess hvað það polir vel hita og er gott á bragðið.

Panchphoran (5-krydda blanda) - Þetta er bengölsk fræblanda sem auðvelt er að útbúa sjálfur og eiga í dós í kryddskúffunni. Ég hef ekki séð hana tilbúna í verslunum hér á landi en veit að hún fæst í indverskum búðum víða erlendis.

2 tsk. cuminfræ

2 tsk. svört sinnepsfræ

2 tsk. fennelfræ

1 tsk. nigella fræ (kalonji)

¾ tsk. fenugreek fræ (methi)

Moong dal - Gular smágerðar hálfbaunir án hýðis.

Kryddið sem notað er í þessa rétti fæst í Heilsuhúsinu, Sælkerabúðinni hjá Nings og í fleiri austurlenskum búðum. Moong dal fást í Sælkerabúðinni hjá Nings og eflaust í fleiri austurlenskum verslunum.

Verði ykkur að góðu!

Kristjana Erlen Jóhannsdóttir.





Íslensk ættleiðing hefur frá upphafi haldið góðu sambandi við félagsmenn sína með útgáfu fréttablaðs þar sem upplýsingum er komið til þeirra. Í gegnum tíðina hafa verið birt viðtöl og ferðasögur, ýmiskonar fræðsluefni og fréttir úr félagsstarfinu, svo fátt eitt sé nefnt.

Frá árinu 2002 hefur félagið

1994 nr. 1

-Thailandsferð. Ferðasaga.

1994 nr. 2

-Ferðin til Indlands. Ferðasaga.

1994 nr. 3

-Ég – pabbi. Úrdráttur úr frásögn Göran Lundin.

1996 nr. 1

-Indlandsferð Guðmundar Andra og Ingibjargar. Ferðasaga.
-Mjól og ættleidd börn.
-Hugleiðingar um meðgöngur og fæðingar.
-Nöfn og nafnabreytingar.

1996 nr. 2

-Þankastrík. Hugleiðingar Guðlaugar Guðmundsdóttur um ættleiðingar.
-Til verðandi foreldra. Eftir Birgittu Halldórsdóttur sem er sjálf ættleidd og á ættleiddan dreng.
-Ættleidd börn og táningsaldurinn. Heimsókn Ketils Lehlands frá Noregi.
-Ættleiðingar frá Rúmeníu. Ferð formanns á fund Rúmensku ættleiðingarnefndarinnar.
-Af hverju börn forðast að ræða um uppruna sinn og ættleiðingu.

1997 nr. 1

-Ferðin langþráða, Rúmenía. Ferðasaga.
-Kíkt í blöð ættleiðingafélaga á Norðurlöndunum.

1997 nr. 2

-Ekki eru allir Íslendingar eins. Um rannsókn Kristbjargar Leifsdóttur um ættleiðingar.
-Indlandsferð. Heimsókn til Anju í Calcutta sumarið 1997.
-Ég er íslensk, ættleidd frá Kóreu. Viðtal við Svanhildi Helgadóttur.
-Mjólkursýkurópol. Unnur Steina Björnsdóttir lækni og Kolbrún Einarsdóttir næringarráðgjafi.

1998 nr. 1

-Íslensk Ættleiðing 20 ára.
-Uppeldi, hvað er það. Yfirlit yfir fyrirlestur.

einnig haldið úti vefsíðu. Nýlega var útlit síðunnar endurnýjað og er sumt efni aðeins aðgengilegt þeim sem eru skráðir félagsmenn. Hægt er að nálgast aðgangsorð á skrifstofu ÍÆ.

Eldri fréttabréf hafa verið gerð aðgengileg á vef félagsins og hér er listi yfir það helsta sem þar er að finna.

Þórkötlur Aðalsteinsdóttur sálfræðings.

-Hressir krakkar á þrettánda ári. Viðtal við 12 ára krakka, öll fædd í Sri Lanka 1985.
-Einstætt foreldri.
-Borgarvirkið Evrópa.

1998 nr. 2

-Segið barninu frá uppruna sínum. Lene Kamm.
-Ættleidd börn. Bæði yfirgefin og takmarkalaust elskuð.
-Það sem erfitt er að tala um.

1998 Afmælisrit ÍÆ – 20 ára

-Tvítugt félag sem á bjarta framtíð. Ingibjörg Birgisdóttir formaður ÍÆ.
-Hugleiðing. Góð verk og góðverk. Guðmundur Andri Thorsson.
-Samstarfið við foreldra til fyrirmyndar. Gestur Pálsson lækni.
-Finnst ég vera algjör Íslendingur. Rætt við Þorstein Ómar Árnason sem er ættleiddur frá Kóreu.
-Hugmyndir var að treysta tengslin. Gylfi Már Guðjónsson um félagið Ísland – Kórea.
-Ættleiðingin var mál kvennanna. Guðrún Helga Sederholm fyrrum formaður ÍÆ.
-Okkar dýrmætasta lífsreynsla. Fyrrum formenn ÍÆ, Guðbjörg Alfreðsdóttir og Elín Jakobsdóttir.
-Ættleiðingar frá Guatemala. María Pétursdóttir.
-Bjartsýn á að lífið verði þeim gott. Viðtal við Guðrúnu Ó. Sveinsdóttur.
-Ætli þetta sé prinsinn minn? Ferðasaga frá Kólumbíu.
-Réttarbætur vegna ættleiðinga. Össur Skarphéðinsson.
-Sumarferð til Tyrklands. Borghildur Jónsdóttir fór með Jónu Björgu dóttur sína til Tyrklands þar sem hún fæddist fyrir 8 árum.
-Tilfinningatengsl skapa grunninn. Valgerður Baldursdóttir geðlæknir.

1999

-Ferðin til Rúmeníu. Ferðasaga.
-Sá sem ferðast hefur frá einhverju að segja. Góð ráð til þeirra sem hafa í huga að ferðast með börnin sín til upprunallandsins.

-Draumur sem rættist. Fyrsta einhleypa konan sem ættleiddi erlendis frá.
-Þankar um fjölskyldugerð. Er ein fjölskyldugerð betri en önnur fyrir börn.
-Skattamál.

2002

-Ættleiðing, leið til þroska. Birgitta Halldórsdóttir.
-Beðið eftir barni. Guðrún Hólmgeirsdóttir.

2003

-Mamma, má ég kyssa hana núna. Ferðasaga frá Kolkata, Laufey Gísladóttir.
-Í Kína er rautt happalitur. Ferðasaga frá Kína, Helga Gísladóttir og Haraldur Jónasson.
-Háttsettir kínverskir gestir.
-Ég er jafn hvítur eða brúnn og aðrir í kringum mig. Stefán Haukur Guðjónsson 17 ára, ættleiddur frá Sri Lanka.
-Umfjöllun um bækur.

2004

-Börnin eru í blóðstreymi mínu. Viðtal við Anju Roy.
-Ævintýri í Kólumbíu. Ferðasaga. Guðmundur Guðmundsson og Anna Margrét Jónsdóttir ættleiddu tvíbura frá Kólumbíu.
-Málþing á 25 ára afmæli ÍÆ, yfirlit.
-Tengslin við Indland efla.
-Hafa allir efni á að ættleiða?
-Internetið

2005 nr. 1 Pabbablað.

-Að vera ættleidd kjörmóðir. Viðtal við Guðfinnu Helgu Gunnarsdóttur.
-Kynning á rannsókn Baldurs Kristjánssonar og Hönnu Ragnarsdóttur.
-NAC fundur í Reykjavík. Fundur formanna norrænu ættleiðingarfélaganna.
-Mama Hao. Kínversk vögguvísa.



2005 nr. 2 Afa og ömmu blað.

-Ný námskeið fyrir umsækjendur.
-Amma míin. Nokkrar ömmur teknar tali.
-Indlandsferð. Ferð mæðgina á upprunaslóðir.
-Um ferðir til fæðingarlandsins.
-Ættleiðing er lífsreynsla.
-Þá varð afa hugsað til.... Nokkrar hugleiðingar úr Kínaferð. Ívar H. Jónsson.
-Eðlilegt að miða við hin Norðurlöndin. Um ættleiðingastyrki.
-Þjóðerni – ætterni. Sólveig Georgsdóttir um meistaraþrófsrannsókn sína.

2006

-Heimsókn frá CCAA
-Rannsóknir á ættleiddum börnum.
-Sundnámskeið fyrir ættleidd börn.
-Mannlýsing. Harpa er litla systir mín. Hrönn Blöndal Birgisdóttir.
-Mér fannst þetta allt stórkostlegt. Viðtal við Atla Dagbjartsson barnalækni.
-Kolkata frá öðru sjónarhorni. Alda Sigurðardóttir fór í brúðkaup á Indlandi.
-Hver tekur við forsjá barns eftir andlát foreldra?
-Konurnar í þorpinu. Lýsing á kínversku þorpi. Hörður Svavarsson.
-Indlandsvinafélagið
-Kínverk-íslenska menningarfélagið
-Menningarfélagið Rúmenía – Ísland.

Útgáfa fræðsluefnis



Kjörfjölskyldan

Í apríl 2003 kom út bókin Kjörfjölskyldan sem ÍÆ lét þýða úr norsku. Höfundarnir eru Amalia Carli og Monica Dalen en þær hafa rannsakað marga sem snýr að ættleiðingum og ritað fjölda greina og bóka um málefnið. Amalia Carli er nú látin en Monica Dalen var gestur á málþingi sem ÍÆ hélt vorið 2003.

Í bókinni er fjallað um aðstæður sem leiða til ættleiðingar barns, um breytingar á högum barnsins þegar það eignast nýja fjölskyldu, og um aðlögun barnsins og kjörforeldranna að nýju hlutverki sínu.

Bókin gagnast öðrum í fjölskyldunni, afa og ömmu, frændum og frænkum og fagfólki sem kemur að ættleiðingu, leikskólakennurum, grunnskólakennurum eða öðrum sem vilja kynna sér uppruna barnsins og hvaða áhrif ættleiðing getur haft á proska þess. Verð kr. 1500.

Kjörbarnið og leikskólinn


Hér er fjallað m.a. í stuttu máli um ættleiðingarferlið, hvaða áhrif aðskilnaður getur haft á ung börn og tengslamyndun. Megin inntakið er þó kjörbarnið og leikskólinn, hvað ber að hafa í huga gagnvart börnunum og hvað ætti m.a. að varast í leikskólaskólastarfinu þegar fjallað er um ýmis málefni sem tengjast börnunum sjálfum og fjölskyldum þeirra.

Allir foreldrar ættleiddra leikskólabarna ættu að gefa leikskólanum eintak af þessu riti. Verð kr. 1000.

Ættleiðingar einhleypra

Á undanförunum árum hefur fjölgað í hópi einhleypra foreldra sem ættleitt hafa börn. Í ritinu er leitast við að varpa ljósi á það sem er sérstakt fyrir slíka fjölskyldu en jafnframt bent á það sem er sameiginlegt með öllum fjölskyldum sem hafa ættleitt. Verð kr. 1000.

Nýtt



Nýtt



Undirbúningsnámskeið fyrir umsækjendur um ættleiðingu erlends barns

Á undirbúningsnámskeiðum ÍÆ eru notuð tvö fræðslurit sem þýdd voru úr dönsku. Annað fjallar almennt um ættleiðingarferlið, um bakgrunn barnanna, aðdraganda ættleiðingar, kynforeldra og loks um kjörfjölskylduna og sérstöðu hennar. Verð kr. 1000.

Heilsufar ættleiddra barna

Hitt ritið sem notað er á námskeiði fyrir umsækjendur fjallar um heilsufar ættleiddra barna og er yfirfarið og aðlagð af Gest Pálssyni, barnalækni. Það er nauðsynlegt fyrir umsækjendur að þekkja til þeirra kvilla sem hrjád geta börnin. Líka er fróðlegt að vita um þær læknisskoðanir sem börnin gangast undir, bæði erlendis og eftir heimkomu. Verð kr. 1000.

Tvö ný fræðslurit

Kjörbarnið og skólinn

Stóran hluta ævinnar er skólinn mikilvægur þáttur í lífi barna - og foreldra. Hjá kjörbörnum getur bakgrunnur þeirra stundum leitt til þess að upp komi vandamál í námi og samskiptum.

Þetta rit má nota sem leiðarvísi til þess að skilja erfiðleika barnsins og finna leiðir til að hjálpa því. Verð kr. 1.000.

Fjölskyldur sem eiga bæði kjörbörn og kynbörn

Börn þarfnast foreldra sem þarfnast barna sem þarfnast... Hvernig börn? Hvernig foreldrar? Og í kjörfjölskyldum er spurt: Hefði Manuel haft það betra í upprunalandi sínu eða hjá fjölskyldunni hinum megin götunnar heldur en hjá okkur? Þetta er spurning sem aldrei fæst svar við. Verð kr. 1.000.

Öll ritin eru til sölu hjá Íslenskri ættleiðingu.

Hægt er að panta þau í síma 588 1480 eða í tölvupósti, isadopt@isadopt.is.

BARNAOPNAN

Krakkagott



Hér kemur uppskrift af gómsætri súkkulaðiköku sem þið getið búið til sjálf og slær örugglega í gegn í öllum afmælisveislum! Hana þarf ekki að baka en þið verðið að gæta þess að brenna ykkur ekki þegar súkkulaðið er brætt. Gufan er mjög heit. Það er líka betra að hafa einhvern fullorðinn nálægt á meðan þið skerið niður apríkósurnar og hneturnar og munið að fara varlega með hnifa. Þessar kökur geymast í ísskáp í tvær vikur.

Það sem þarf:

- 250 g hafrakex (Grahams)
- 150 g mjólkursúkkulaði
- 150 g suðusúkkulaði
- ½ bolli síróp
- 8 msk. ósaltað smjör
- ½ bolli rúsínur
- ¾ bolli þurrkaðar apríkósurnar, saxaðar
- ½ bolli saxaðar pecanhnetur (má sleppa)

Aðferð:

- Setja plastfilmu í botn og hliðar á lítilli ofnskúffu (20x20 cm)
- Brjóta kexkökurnar með því að láta þær í plastpoka og rúlla yfir með kökukefli.
- Bræða saman súkkulaði, smjör og síróp í skál yfir vatnsbaði (vatn látið sjóða í potti og skálin yfir vatnið).
- Skálin tekin af hitanum og brotna kexinu, apríkósunum, rúsínunum og hnetunum hrært úti súkkulaðið.
- Blandan sett í ofnskúffuna með sleif og pressuð niður með kartöflustöppu.
- Látið kólna og síðan sett í ísskáp í 1-2 klukkutíma.
- Kakan tekin úr forminu og plastið af kökunni. Skorið í ferninga og raðað á disk.




Efni í næsta blað

Ritnefndin hvetur alla krakka, stóra og litla, til að senda inn efni í blaðið. T.d. teikningar, gátur, brandara, ljóð og svo auðvitað ljósmyndir af ykkur við ólík tækifæri.

Gömul indversk saga

Fílar hafa um aldir haft mikla pýðingu á öllum sviðum í indverskri menningu og myndir af þeim prýða allt sem viðkemur daglegu lífi í Indlandi. Þeir tákna oft þekkingu og vísu, eða vald og velmegun og einnig ódauðleikann.

Fílar hafa sterkan persónuleika, eru sagðir trygglyndir og dugleg vinnudýr. Þeir eru í senn bæði klunnalegir og tignarlegir og allir kunna einhverjar sögur um fíla.



Einu sinni voru sex blindir menn sem alltaf héldust í hendur og röltu um sveitirnar. Einn daginn rákust þeir á fíl.

Sá fyrsti þreifaði á fæti fílsins og sagði „Þetta er alveg eins og tré.“

Sá næsti stóð nálægt eyra fílsins og sagði „Þetta er stór blævængur.“

„Nei!“ Sagði sá þriðji á meðan hann hélt um rana fílsins og sagði „Varið ykkur þetta er skepna af slönguættum!“

„Þetta er spjót.“ Sagði sá fjórði og strauk myndarlega fílstönn.


„Ég er alveg ósammála.“ Sagði sá sem stóð við hinn enda fílsins „Þetta er bara gamalt og slitið reipi.“

„Þið hafið allir rangt fyrir ykkur“ sagð sá sjötti. „Ég er búinn að þreifa á þessu frá báðum hliðum. Það er bara veggur.“




Mynd eftir Láru Karitas Jóhannesdóttur 6 ára af henni og Fanneyju Rún 3ja ára og Guðrúnu Sveinsdóttur sem kom með þær systur heim frá Indlandi.


Í útilegunni að Reykhólum á Barðaströnd sumarið 2006 var farið í ratleik. Krakkarnir gerðu sjálfsmyndir og hér eru nokkrar þeirra.



Myndir frá krökkunum



Útilegan 2006




Alvörubúðin
Eyravegi 3, 800 Selfoss
482-4410, www.alvara.is

Indverskt handverk í öndvegi
Félagsmenn ÍÆ fá 20% afslátt
Hluti ágóðans rennur til ISRC



TOYOTA